FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
90. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL 2017



Tyrkir samþykktu með naumindum breytingar á stjórnarskrá sem fela í sér aukin völd forsetans. Stjórnarandstæðingar þustu út á götur í gær til að mótmæla niðurstöðunni Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Löggan nær daglegur gestur í íbúðinni

**Fjórir voru handteknir í tengslum við vopnað rán í Kauptúni í Garðabæ í gær. Grunur leikur á að skotvopn hafi verið dregin fram. Lögregla vopnaðist og naut aðstoðar sérsveitarinnar. Nágrannar hinna handteknu eru þreyttir á ónæði í tengslum við líferni þeirra.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn voru handteknir í íbúð á Laugarnesvegi rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöldi í tengslum við rannsókn á vopnuðu ráni í Garðabæ á bílastæði í Kauptúni fyrr um daginn.

Í íbúðinni fundust fíkniefni sem og skotvopn. Íbúar í húsinu segjast hafa látið lögreglu ítrekað vita af því sem fram fór í íbúðinni.

Lögreglunni barst tilkynning um ránið á þriðja tímanum í gær. Lögreglan, ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra, brást skjótt við og meðal annars vopnaðist hluti lögregluliðsins vegna þessa.

„Lögreglan hefur verið hér talsvert undanfarna daga. Þeir mættu kringum fréttatímann sírenulausir á nokkrum bílum og fóru þarna inn,“ segir Jón Hermannsson, íbúi í húsinu gegnt húsinu þar sem hinir handteknu héldu til.

Bergþór Óttar Bergþórsson býr í húsinu þar sem handatakan átti sér stað. Dyrabjalla hans hringdi, hann leit fram og þar stóðu sérsveitarmenn gráir fyrir járnum. Skömmu síðar lék allt húsið á reiðiskjálfi að sögn Bergþórs.

„Það hefur verið viðvarandi ónæði vegna þessa síðan í september,“ segir Bergþór. „Stundum hefur lögreglan komið hingað nær daglega og stundum oft á dag út af hávaða og alls konar veseni.“

Að sögn Bergþórs eru íbúar í húsinu orðnir langþreyttir á hávaðanum, ónæðinu og óþverranum sem fylgir líferni hinna handteknu og vina þeirra. Lítið sé hins vegar hægt að gera þar sem þeir búi í íbúðinni með leyfi eiganda hennar.

„Lögreglan hefur oft komið hingað en á endanum þurft frá að hverfa eftir að hafa verið kjöftuð í kaf af þeim sem þarna eru. Þetta er ákveðinn kjarni, á að giska tíu manns, sem heldur þarna til og það er talsvert um það að fólk komi í íbúðina á öllum tímum sólarhrings. Maður er alveg að gefast upp á þessu.“

Rannsókn málsins er í fullum gangi. – jóe

## Milljarðar á ári duga skammt

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóðir ríkisins þurfa hærri greiðslur frá ríkissjóði en nú er gert ráð fyrir ef ekki á illa að fara. Þetta segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH).

Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hækkuðu um rúman fimmtung, úr 509 milljörðum króna í 625 milljarða, milli áranna 2015 og 2016. Á næstu fimm árum er áætlað að fimm milljarðar á ári renni úr ríkissjóði inn á lífeyrisskuldbindingarnar.

„Það er alveg ljóst að ef ekki á illa að fara, og sjóðurinn að tæmast löngu áður en allar skuldbindingar verða greiddar, þá þarf að koma til talsvert hærri greiðslna,“ segir Haukur Hafsteinsson. – jóe

## Margra tíma bið eftir töskum

**VEÐUR** Nokkur röskun var á Keflavíkurflugvelli í gær vegna óveðurs. Einhverjar vélar þurftu að bíða í nokkrar klukkustundir áður en farþegum var hleypt út úr vélunum og dæmi voru um að farþegar þyrftu að bíða í rúma fjóra tíma eftir farangri sínum.

Of mikill vindur var á flugvellinum, til þess að hægt væri að setja stiga eða landgang að vélum. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að veðrið hefði gert það að verkum að hvorki var hægt að senda fólk né tæki út.

Hann sagðist eiga von á því að þegar veður færi að lægja færu vélar af stað upp úr níu og að þá væri einnig hægt að taka töskur út úr vélunum. – sg/ sjá bls. 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Rósa Björk Brynjólfsdóttir skrifar um samdrátt til þróunarmála. 12

**SPORT** KR vinnur þann fjórða í röð en ekki Snæfell. 16

**TÍMAMÓT** Listakonan Gía, Gígja Guðfinna Thoroddsen, er listamaður hátíðarinnar List án landamæra í ár. 18



**LÍFIÐ** Ása Steinarsdóttir fjallar um ferðalög á blogginu From Ice to Spice. Segir hörkuvinnu að halda úti ferðabloggi en þegar upp er staðið er það þess virði. 30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Fremur hæg suðvestanátt og lítilsháttar rigning eða slydda, en léttskýjað N- og A-lands. Suðlægari og samfelld rigning vestan til um kvöldið. SJÁ SÍÐU 20



Mögulega mun hænum fjölga í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hænur leyfðar en ekki hanar

**KÓPAVOGUR** Íbúar í Kópavogi mega halda hænsn og geta þeir sótt um leyfi fyrir allt að sex hænum, samkvæmt nýrri samþykkt um hænsnahald. Meðal skilyrða fyrir leyfisveitingu er að fyrir liggi samþykkt sameigenda ef um er að ræða fjölbýlishús. Þá þarf samþykki aðliggjandi lóða ef um einbýlishús eða raðhús eða parhús er að ræða. Óheimilt er að halda hana samkvæmt samþykktinni. Sett eru skilyrði um stærð hænsnakofa, og skal kofi fyrir sex hænur vera að lágmarki 3 fermetrar. Í reglugerðinni kemur fram að til að koma í veg fyrir ónæði ber að hafa myrkur hjá hænunum frá klukkan 21 til 7 alla daga. – jhh

## Fjórir mánuðir fyrir kannabisræktun

**DÓMSMÁL** Þrítugur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjaness dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa staðið að stórri kannabisræktun í Hafnarfirði í fyrra. Honum var gert að greiða tæplega 300 þúsund í sakarkostnað og gerðar voru upptækar 120 kannabisplöntur og ýmis búnaður tengdur ræktuninni.

Upp komst um ræktunina í júlí í fyrra en hún var í iðnaðarhúsnæði við Trönuhraun í Hafnarfirði. Maðurinn játaði sök fyrir dómi, sem var honum til málsbóta. – sg

## Hugsað til hermanna




Árleg páskahátíð fór fram á suðurlóð Hvíta hússins í Washington í gær. Forsetafrúin, Melania Trump, lék þar á als oddi. Hún sést hér faðma litla stelpu þegar þær voru að útbúa kort fyrir liðsmenn bandaríska hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Íhaldsmenn mælast með mikið forskot

**BRETLAND** Íhaldsflokkurinn í Bretlandi mælist með nær tvöfalt fylgi Verkamannaflokksins í nýrri könnun. Ný könnun YouGov sýnir að 44 prósent Breta hyggist kjósa Íhaldsflokkinn í næstu kosningum, en einungis 23 prósent Verkamannaflokkinn.

Um er að ræða lægsta fylgi Verkamannaflokksins í könnun síðan árið 2009. Íhaldsflokkurinn bætir við sig 2 prósent fylgi frá síðustu könnun. Frjálslyndir demókratar mælast með 12 prósent fylgi og breski sjálfstæðisflokkurinn UKIP með 10 prósent fylgi. – sg



Theresa May er leiðtogi Íhaldsflokksins.

# Telur að fólk fái leið á „hálfvitapáskaeggjum“

Ekki hugnast öllum nýir málshættir sem leyndust í páskaeggjum landsmanna í ár. Þjóðháttafræðingur segir nýju málshættina ekki eins hnitmiðaða og þá gömlu. Davíð Þór Jónsson telur útúrsnúninga í páskaeggjum vera vörusvik.



Davíð Þór Jónsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju



Árni Björnsson, þjóðháttafræðingur

**SAMFÉLAG** Um nýliðna páska vakti það athygli að margir málshættir væru illskiljanlegir og var mörgum þeirra líkt við útúrsnúninga og brandara.

Árni Björnsson, þjóðháttafræðingur, segir það nýlegt að búnir séu til nýir málshættir. „Ég borða svo lítið af páskaeggjum núorðið að ég fylgist kannski ekki nógu mikið með. En ég hef orðið var við það að fólk er að búa til málshætti á seinustu árum. Ef fólk hefur gaman af því að búa til eigin málshætti er það í lagi, en þau sýnishorn sem ég hef séð af þessum nýju málsháttum finnst mér heldur daufleg, svo ekki sé meira sagt, ekki eins hnitmiðuð og þessir gömlu málshættir voru.“

Árni segir að ef fólk á erfitt með að skilja hefðbundna málshætti megi glugga í málsháttasöfn sem hafa verið til í tæpar tvær aldir hér á landi. „Það er eðlilegast að nýta þau og ég held að það sé stundum betra en að fara á netið, því það eru til ágætar bækur.“

Davíð Þór Jónsson sóknarprestur í Laugarneskirkju segist hafa fundist hann vera svikinn þegar hann fékk fyrir nokkrum árum málshátt sem var algjör útúrsnúningur og brandari. „Ef þú á annað borð ætlar að gefa þig út fyrir að vera með hefðbundið páskaegg, þá ertu með hefðbundinn málshátt í því. Ef þú ætlar að vera með eitthvað grín og fíflaskap þá selur þú þetta sem grínegg. Það er nánast eins og þetta sé svikin vara ef þú færð ekki málshátt heldur aulabrandara.“



Davíð telur að aukið sambandsleysi við hefðir og venjur og aukið virðingarleysi við þær, geti mögulega skýrt þessa breytingu. Hann hefur þó ekki áhyggjur af því að þessir nýju málshættir endist. „Það spretta upp bólur og svo verða allir leiðir á tilbreytingunni eftir mjög stuttan tíma, það er ástæða fyrir að klassík verður klassík. Eftir nokkur ár verða allir orðnir leiðir á hálfvitapáskaeggjum og vilja alvöru málshætti í sín páskaegg og þá leggst þetta af.“

„Ég held að þetta sé í sjálfu sér ekkert stórt mál, en ef þú ert að safna málsháttunum þínum eða eitthvað svoleiðis þá er ferlega leiðinlegt að fá einhvern aulabrandara en ekki málshátt.“ saeunn@frettabladid.is






Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# Úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna alvarlegrar árásar

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlar og ein kona hafa verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 21. apríl vegna hnífstunguárásar í Kjarnaskógi á Akureyri á föstudaginn langa. Einn til viðbótar var handtekinn í tengslum við málið í fyrradag en látinn laus í gær. Sá fimmti var handtekinn í gær og greindi lögreglan á Norðurlandi eystra frá því á Facebook að hann yrði yfirheyrður í dag.

Meintur árásarmaður, sem er nýorðinn 18 ára, ásamt pari, tvítugri konu og 27 ára karlmanni, voru handtekin á föstudagskvöld vegna málsins og leidd fyrir dómara á laugardag.

> Það verður að spá í hvort þetta hafi verið skipulagt, það bendir allt til þess.
>
> Guðmundur Svanlaugsson

Guðmundur Svanlaugsson, rannsóknarlögreglumaður, segir að hugsanlega hafi árásin verið skipulögð. „Það verður að spá í hvort þetta hafi verið skipulagt, það bendir allt til þess.“

Maðurinn sem varð fyrir árásinni, var stunginn tvisvar sinnum í lærið og hlaut við það slagæðarblæðingu. Hann var fluttur á Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem hann fór í sex klukkustunda langa aðgerð.

Guðmundur, segir að árásin hafi verið mjög alvarleg og að rannsókn málsins sé í fullum gangi. – hh/ – ngy



Harry Bretaprins var 12 ára þegar móðir hans Díana lést. NORDICPHOTOS/GETTY

## Harry Bretaprins tjáir sig um sorgina

**BRETLAND** Harry Bretaprins hefur nú opnað sig um sorgina sem fylgdi fráfalli móður hans, Díönu prinsessu. Hann segir að hann hafi í 20 ár reynt að hugsa ekki um dauða móður sinnar en hafi leitað aðstoðar sérfræðings á þrítugsaldri til að greiða úr tilfinningum sínum.

Harry, sem er 32 ára var aðeins 12 ára gamall þegar móðir hans lést árið 1997. Í viðtali við Daily Telegraph segir Harry að hann hafi verið að nálgast þrítugt þegar hann leitaði sér aðstoðar eftir tvö ár af „algerri ringulreið“ og að hann hafi verið nálægt því að brotna niður. Hann segist vilja ræða um sína fortíð í von um að brjóta upp skömmina sem oft fylgir geðrænum vandamálum. Hann leitaði sér hjálpar eftir ráð frá bróður sínum, William hertoga af Cambridge, sem sagði að hann þyrfti að takast á við sorgina. – sg

## Rækjutegundin Pink Floyd

**DÝR** Nýuppgötvuð rækjutegund hefur verið nefnd eftir bresku hljómsveitinni Pink Floyd. Með því vildi líffræðingurinn sem uppgötvaði dýrið heiðra uppáhalds hljómsveit sína.

Rækjan fannst skammt frá vesturströnd Panama. Á henni er stór kló sem dýrið notar til að framkalla hljóð sem getur dauðrotað smáa fiska. Latneskt heiti hennar er nú synalpheus pinkfloydi. Þetta er annað dýrið sem heitir í höfuð Pink Floyd, eða afurð sveitarinnar, en fyrir er til fluga sem ber heitið Ummagumma. – jóe

# Veðurfræðingur segir vorið ekki væntanlegt fyrr en í maí

**Ekki er útlit fyrir sumarveður á sumardaginn fyrsta og búast má við lægðagangi og kulda út mánuðinn. Umferð gekk vel í bæinn í gær þrátt fyrir illviðri. Margir lögðu fyrr af stað heim úr páskafríinu.**

**VEÐUR** Ekki má búast við að sumarveðrið komi fyrir sumardaginn fyrsta að sögn veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands. „Spáin er ekki góð fyrir sumardaginn fyrsta, norðanátt, kalt og skúrir eða él, norðan- og norðvestanátt,“ segir Þorsteinn V. Jónsson veðurfræðingur.

„Næsta vika er svolítið vetrarleg. Ég er eiginlega ekki of vongóður um vor í þessum mánuði, þannig að við verðum að bíða fram í næsta mánuð,“ segir Þorsteinn.

Hann segir ekki hægt að tala um sumarveður á næstunni. „Ég er bara að vonast eftir vorinu. Að þetta hríðaveður og þessar djúpu lægðir hætti, en mér sýnist það ekki vera að gerast eins langt og tölvuspár sýna. Þær sýna lægðagang og kalt veður nánast í endann á þessum mánuði.“

„Það er hamagangur í veðrinu og lægðagangur. Maður er bara farinn að vonast til þess að það komi eitthvað vor í maí, aprílmánuður lítur ekki vel út og er rúmlega hálfnaður,“ segir Þorsteinn.

Erfitt veður gekk yfir í gær, með hríðagangi og stormum, umferð gekk þó vel þegar ferðalangar voru að skila sér heim úr páskafríinu. Margir hlustuðu á viðvaranir um óveður og héldu heim á leið á sunnudag frekar en mánudag.

„Umferðin hefur gengið ótrúlega vel, það var smá umferðaróhapp undir Hafnarfjalli milli ellefu og tólf, þar fýkur kerra aftan í bíl í veg fyrir annan bíl, við lokuðum í tuttugu mínútur á meðan við þurftum að fjarlægja það og það voru umferðartafir í fjórutíu mínútur,“ sagði Björgvin Fjeldsted, lögreglumaður í Borgarnesi í samtali við Fréttablaðið í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðardeild Lögreglunnar í gær gekk umferðin þokkalega. Fólk var duglegt að taka tilmælum og fara fyrr heim úr páskafríinu. „Það er minni umferð út af þessu. Ef þessi spá hefði ekki verið hefði verið miklu meiri umferð. Það er greinilegt á umferðinni í gær og í dag að stór hluti hafi lagt fyrr af stað heim. Við fengum eina bílveltu upp á Suðurlandsvegi en engin slys á fólki, en það er það eina sem hefur komið inn á borð hjá okkur,“ sagði starfsmaður deildarinnar.

Flugfélag Íslands aflýsti í gær öllu flugi til og frá Ísafirði um eftirmiðdaginn. Flugi frá Akureyri og Egilsstöðum til og frá Reykjavíkur var einnig frestað. Öllu flugi var seinkað á Keflavíkurflugvelli í gær, en ekki var búist við aflýsingum þegar blaðið fór í prentun í gær.

saeunn@frettabladid.is



Hríðaveður gekk yfir í gær og hvasst var í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég er eiginlega ekki of vongóður um vor í þessum mánuði, þannig að við verðum að bíða fram í næsta mánuð.
>
> Þorsteinn V. Jónsson veðurfræðingur






# Metfjöldi beiðna um leit að ungu fólki

**LÖGREGLUMÁL** Alls bárust 32 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í mars. Hafa ekki borist jafn margar beiðnir um leit í einum mánuði frá því í nóvember 2014. Þetta er meðal þess sem kemur fram í afbrotatölfræði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir marsmánuð 2017 sem birtist í liðinni viku. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um helstu afbrot sem hafa verið tilkynnt til lögreglu.

Skráðum brotum þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna fjölgaði einnig mikið. Skráð voru 46 prósent fleiri brot en að meðaltali síðustu 12 mánuði á undan. Hafa brotin verið um 41 prósent fleiri það sem af er ári miðað við á sama tíma undanfarin þrjú ár.

Í mars voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi. Það sem af er ári hafa verið skráð um 50 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal síðustu þriggja ára. Það sem af er ári hafa 18 lögreglumenn orðið fyrir ofbeldi.

Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna var skráður 122 sinnum í marsmánuði. Skráðum brotum hefur fjölgað mikið – um 41 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára. Frá síðustu áramótum hafa 309 verið stöðvaðir undir áhrifum ávana- og fíkniefna. – bb



Skráðar voru 705 tilkynningar um hegningarlagabrot í marsmánuði, 303 þjófnaðir, 67 innbrot, 107 ofbeldisbrot, 19 kynferðisbrot og 112 fíkniefnabrot. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# NÝR DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




ENNEMM / SÍA / NM80653 *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

Verð kr.

# 2.540.000 þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




## Þúsundir horfðu á súmóglímu



Meira en sex þúsund áhorfendur voru viðstaddir Honozumo súmóglímukeppnina sem fram fór í Tókýó í gær. Hinn 33 ára gamli mongólski súmóglímukappi Harumfuji vakti þar gríðarlega athygli. Súmóglíman er ævaforn íþrótt. Hún á rætur sínar að rekja til Japans, þar sem enn er keppt reglulega. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fjórir orðaðir við embætti vígslubiskups

**Að minnsta kosti fjórir menn hafa áhuga á að sitja í stóli vígslubiskups í Skálholti. Núverandi vígslubiskup telur að fleiri gæti bæst í þann hóp. Hann telur að það gæti orðið ágætis tilbreyting að hafa konur í öllum biskupsembættum.**

**TRÚ** Að minnsta kosti fjórir prestar eru sagðir gefa kost á sér í embætti vígslubiskups í Skálholti. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup lætur af störfum vegna aldurs síðar á þessu ári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þeir prestar sem hafa verið orðaðir við embættið fjórir. Það eru þeir Axel Árnason, héraðsprestur á Suðurlandi, Sighvatur Karlsson sóknarprestur á Húsavík, Kristján Björnsson sóknarprestur á Eyrarbakka og Stokkseyri og Eiríkur Jóhannsson í Háteigskirkju. Um helgina skoruðu síðan ellefu nafngreindir prestar á Vigfús Bjarna Albertsson sjúkrahússprest að gefa kost á sér í embættið. Ólíkt hinum fjórum hefur hann ekki lýst áhuga sínum á embættinu hingað til.

Kristján Valur segist allt eins eiga von á því að fleiri en þeir sem nú þegar hafi verið nefndir til leiks muni gefa kost á sér í embættið. „Ég tel að það verði ekki fyrr en kjörstjórn gefur út tímabil til þess að ljúka kosningu sem öll nöfn koma í ljós. Þannig að ég hef fulla trú á því að það verði fleiri nöfn í pottinum en þau sem þegar hafa verið nefnd," segir hann. Kristján Valur segir ekki heldur viðbúið að næsti vígslubiskup í Skálholti verði karlmaður, þótt konur gegni embætti biskups Íslands og embætti vígslubiskups á Hólum. „Það er ekkert sem segir að það þurfi að vera karl hér. Það mætti alls ekki vera þannig að konur teldu að þeim væri haldið frá því að sækja um embættið. Það gæti bara verið ágætis prufa að hafa einu sinni þrjár konur," segir hann.



Nýr vígslubiskup á Skálholti verður kosinn síðar á árinu. Kosið verður eftir nýjum reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti

Þegar nýr vígslubiskup verður kjörinn síðar á árinu verður kosið eftir nýjum reglum sem samþykktar voru á síðasta kirkjuþingi, í mars. Þær reglur verða birtar í stjórnartíðindum fljótlega. Nýju reglurnar fela í sér að fyrst fari fram forval þar sem allir vígðir menn innan kirkjunnar velji mann. Þeir þrír menn sem oftast eru nefndir í forvalinu eru síðan í kjöri til vígslubiskups. Hjördís Stefánsdóttir formaður kjörstjórnar segist ekki geta upplýst um þá tímalínu sem framundan er í kjörinu. Hún á þó von á að kjörstjórn hittist núna í vikunni eða næstu til þess að fara yfir þau mál.

jonhakon@frettabladid.is




# #LITRÍKASTUR

Nýr Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra aksturseiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

**1.890.000** KR.

**28.388 kr.**
**á mánuði**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.890.000 kr.
- Útborgun 189.000 kr.
- Vextir 8,9%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,66%

**Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki**

THE COLOR RUN™
BY Alvogen

*Ford Ka+ er The Color Run bíllinn í ár.*
*Komdu og reynsluaktu og þú gætir unnið miða í hlaupið!*

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Violet Brown er 117 ára gömul. SKJÁSKOT/TWITTER/ANDREWS HOLNESS

## Elsta konan er frá Jamaíka

**SAMFÉLAG** Violet Brown, kona frá Jamaíka, sem fæddist fyrir 117 árum síðan er nú elsta núlifandi manneskja í heimi eftir andlát Emmu Morano. Morano, sem var frá Ítalíu, var einnig 117 ára gömul. Morano var talin síðasta lifandi manneskjan sem fæddist á 19. öldinni. Violet Brown fæddist hins vegar á 20. öld, þann 10. mars 1900 – sg

## Tólf slösuðust í sýruárás

**ENGLAND** Minnst tólf slösuðust í sýruárás á skemmtistaðnum Mangle í austurhluta London í fyrrinótt. 600 manns voru á Mangle þegar árásin var gerð.

10 voru sendir á sjúkrahús og tveir til viðbótar leituðu aðstoðar á bráðamóttöku. Á fréttavef BBC kom þó fram að enginn væri í lífshættu.

„Einu upplýsingarnar sem við höfum eru að óþekktu eyðandi efni var kastað inni á staðnum,“ segir talsmaður slökkviliðsins í London.

„Samkvæmt bráðabirgðaprufu er um sterka sýru að ræða.“ – hh

# Segja þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá vera ógilda

Eftirlitsaðilar með þjóðaratkvæðagreiðslunni í Tyrklandi um stjórnarskrárbreytingar segja hana vera ógilda. Tyrkneska þjóðin klofin í afstöðu sinni til breytinganna. Erdogan forseti segir þjóðina hafa staðið af sér árásir krossfara úr vestri. Segir þjóðina nú geta efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um dauðarefsingar.

**TYRKLAND** Brögðum var beitt í þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar í Tyrklandi um helgina. Andstæðingum voru skorður settar og stjórnvöld misnotuðu þá aðstöðu sem þau höfðu innan stjórnsýslunnar. Þetta segja eftirlitsaðilar með kosningunum. Tillaga Erdogans forseta um aukin völd forsetans voru samþykktar með 51,4 prósent atkvæða.

Breytingarnar fela í raun í sér afnám þingræðis í Tyrklandi. Fjárlög Tyrklands verða á forræði forsetans, hann mun geta skipað og veitt ráðherrum lausn frá embætti og mun geta tilnefnt saksóknara og dómara við tyrkneska dómstóla.

Formaður yfirkjörstjórnar í landinu, Sadi Guven, segir aftur á móti að niðurstaða kosninganna sé lögmæt og utanríkisráðuneyti Tyrklands telur að athugasemdir eftirlitsaðila séu ekki settar fram af hlutleysi. Erdogan forseti segir að málstaður hans hafi unnið sigur þrátt fyrir árásir Krossfara úr vestri. „Við göngum sterkari til kosninganna 2019,“ segir hann. Erdogan bætti því þó við að það væri mikið verk fyrir

> **»** Með niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru forsetanum færð aukin völd á kostnað þingsins.

höndum. „Við erum öll meðvituð um þetta. Af því að við vorum í baráttu gegn öllum. „Krossfararnir úr vestri og þjónar þeirra réðust á okkur. En við gáfumst ekki upp. Við stóðum í fæturna sem þjóð,“ sagði Erdogan.

Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Þjóðarflokkurinn (CHP), hefur krafist endurtalningar á 60 prósentum greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Varaformaður flokksins segir að hundsa eigi niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar í heild sinni.

Þegar niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar lágu fyrir sagði Erdogan að Tyrkir gætu núna haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort taka ætti upp dauðarefsingu á nýjan leik. Sú ákvörðun myndi binda enda á aðildarviðræður Tyrkja við Evrópusambandið.

Ljóst er að tyrkneska þjóðin er algjörlega klofin í afstöðu sinni til breytinganna. Meirihluti Tyrkja í stórborgum landsins, Istanbul, Ankara og Izmir höfnuðu tillögum Erdogans. Helstu stuðningsmenn breytinganna eru aftur á móti íbúar héraða í miðhluta Tyrklands og íbúar við Svartahafið auk Tyrkja sem búa annarsstaðar í Evrópu. Eftir að niðurstöður voru kunngjörðar flykktust stuðningsmenn breytinganna út á götur með fána og flautur og létu í sér heyra. Andstæðingar breytinganna létu líka heyra í sér.

jonhakon@frettabladid.is



Recep Tayyip Erdogan heilsar fólki eftir að hafa beðið við Eyup Sultan moskuna í Istanbul í gær. Hann fær aukin völd samkvæmt niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





Væntanlegt
NÝTT!
TAKMARKAÐ MAGN
NÓA
Lakkrís
BANANAPERLUR
Bananasúkkulaði með lakkrís og bananafyllingu,
er það ekki svolítið bananað?
NÓI SÍRÍUS



Spáð er 6,5 prósent hagvexti í Kína á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hagvöxtur mældist 6,9 prósent í Kína

**KÍNA** Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam hagvöxtur í Kína 6,9 prósentum samkvæmt tölum frá kínversku hagstofunni. BBC greinir frá því að hagvöxtur hafi mælst umfram væntingar hagfræðinga.

Fjárfestingar í innviðum og aukin eftirspurn eftir nýjum fasteignum ýtti undir hagvöxt í öðru stærsta hagkerfi heimsins.

Í síðasta mánuði lækkuðu stjórnvöld í Kína hagvaxtarspá sína fyrir árið í 6,5 prósent. Kínverska hagstofunnar segja nú góðan grundvöll fyrir því að hagvaxtarspá fyrir árið muni nást. – sg

GÚMMÍBELTI
UNDIR ALLAR VÉLAR
Á LAGER



MERKÚR
Hýsi-Merkúr hf. - Lambhagavegi 6 - 113 Reykjavík
534 6050 - merkur@merkur.is - www.merkur.is

## Vegan páskaegg seldust upp

**PÁSKAR** Vegan páskaegg fóru í sölu í fyrsta sinn í ár og var þeim ákaflega vel tekið. Fólki sem fylgir vegan mataræði hefur farið fjölgandi hér á landi undanfarin árin. Til að sinna þessum hópi ákvað Nói Síríus að hefja sölu á vegan páskaeggjum og seldist upplagið upp.

„Þetta var smá tilraun, við vissum ekki alveg hvort hópurinn var jafn stór og var talað um, en það virðist vera. Það var mjög vel tekið í þetta og þau kláruðust,“ segir Auðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Síríus, en um var að ræða þúsund egg.

Auðjón segir að klárlega verði framleitt meira að ári. „Það skemmtilega við þetta er að fyrir þremur árum þá var framleiðsla á dökkum eggjum í rauninni bara þjónusta við viðskiptavini, það voru hálfgerð vandræðaegg, en við framleiddum klárlega of lítið af þeim í ár.“ – sg

## Fær nafn í dag

**MENNTAMÁL** Í hádeginu í dag mun Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, tilkynna um niðurstöðu í samkeppni um heiti nýs húss erlendra tungumála.

Efnt var til samkeppni um heiti hússins og bárust hátt í 800 tillögur frá rúmlega 1.000 einstaklingum. Valnefnd fór yfir tillögurnar og komst að einróma niðurstöðu sem háskólaráð staðfesti segir í tilkynningu. Í valnefnd áttu sæti þau Eiríkur Smári Sigurðarson frá Hugvísindasviði (formaður), Geir Þórarinn Þórarinsson, fulltrúi stjórnar SVF, Guðrún Kvaran, fulltrúi Vigdísarstofnunar, og Inga Jóna Þórðardóttir, fulltrúi rektors.

Tilkynnt verður um heitið í Hátíðasal í Aðalbyggingu og munu sigurvegarar í nafnasamkeppninni veita verðlaunum viðtöku. Húsið verður svo vígt við hátíðlega athöfn á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 20. apríl næstkomandi. – sg

# Foreldrar sitja uppi með himinháa reikninga

Foreldrar fatlaðra barna þurfa að verja háum fjárhæðum í breytingar á húsnæði til þess að börnin geti athafnað sig heima hjá sér. Einstök börn hafa reynt að vekja athygli á málinu árum saman en lítið hefur breyst í þágu foreldranna.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er gat í kerfinu, að fólk sem er undir því álagi að eiga fjölfatlað og langveikt barn þurfi líka að hafa áhyggjur af fjárhagslegum atriðum varðandi breytingar sem kosta mjög mikið,“ segir Guðný Þórsteinsdóttir, móðir Sindra Pálssonar, átta ára gamals fatlaðs drengs.

Foreldrar fatlaðra barna þurfa í sumum tilfellum að standa straum af hundruð þúsunda, jafnvel milljóna kostnaði, vegna breytinga sem gera þarf á húsnæði þeirra til að börnin geti búið þar.

Guðrún Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna, segir félagið hafa átt ítrekuð samtöl í gegnum árin við heilbrigðisráðuneyti og velferðarráðuneyti vegna þessa. „Og bent á það að Tryggingastofnun ríkisins skaffar til dæmis lyftu sem hjálpartæki á heimili barns en skaffa ekki allt sem þarf til þess að koma henni fyrir,“ segir Guðrún Helga. „Þar með er bara með því einu og sér búið að útleggja fjölskylduna fyrir háum fjárhæðum við breytingum,“ bætir Guðrún við. Hún segir jafnframt að hvorki ríkissjóður né sveitarfélög leggi neitt fjármagn til þegar foreldrar þurfa að víkka dyr fyrir hjólastóla. Þá bendir hún á að Tryggingastofnun greiði fyrir hjólastólarampa en taki ekki þátt í kostnaðinum sem getur hlotist af því að koma rampinum fyrir. „Þannig að það eitt að rétta hjálpartækið kallar á gríðarlegan kostnað fyrir fjölskylduna,“ segir Guðrún Helga.

„Það sem er brýnast fyrir mig heima er baðaðstaðan. Ég er með baðkar og það þarf að taka það og gera stóra sturtu þar sem hægt er að kippa honum inn í sérstökum stól,“ segir Guðný um þær breytingar sem þarf að gera heima hjá henni fyrir Sindra son hennar.

Sindri er með heilkenni sem heitir Warbuck Micro heilkennið og er hann sá eini sem hefur greinst með þetta heilkenni hér á landi. Það hefur áhrif á þroska miðtaugakerfisins og veldur því að Sindri er hreyfi- og þroskahamlaður, einhverfur og mjög sjónskertur. Hann fer ferða sinna dagsdaglega í hjólastól eða skríður á milli staða

Guðný segir að þrátt fyrir alla þessa erfiðleika sé Sindri ótrúlega brattur. „Hann er ótrúlega duglegur og kvartar rosalega lítið. Hann er mjög ánægður og er rosalega sterkur karakter. Hann er stríðinn og fyndinn strákur,“ segir Guðný.

Vinir og fjölskylda Guðnýjar og Páls Guðbrandssonar, föður Sindra, hafa stofnað félagskapinn Vinir Sindra, sem stendur fyrir söfnun með tónleikum til að fjármagna Hjálpartækjasjóð Sindra Pálssonar. Tónleikarnir fara fram í Austurbæ á sumardaginn fyrsta, 20. Apríl. Miðar eru seldir á Miði.is en einnig geta þeir sem ekki komast á tónleikana lagt frjáls framlög inn á reikningsnúmerið 0701-15-204507, kt. 430317-1130.

jonhakon@frettabladid.is



Sindri er með heilkenni sem heitir Warbuck Micro en móðir hans segir að þrátt fyrir allt sé hann mjög brattur. AÐSEND MYND.

> Þetta er gat í kerfinu, að fólk sem er undir því álagi að eiga fjölfatlað og langveikt barn þurfi líka að hafa áhyggjur af fjárhagslegum atriðum.
>
> Guðný Þórsteinsdóttir, móðir Sindra

Lokað verður 19.-23. apríl
í Gluggum og Garðhúsum
vegna árshátíðarferðar starfsmanna.
GLUGGAR & GARÐHÚS hf
Sími: 554 4300 | www.solskalar.is




## Hestaleiga er bótaskyld vegna hests sem sturlaðist

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands féllst í síðustu viku á skaðabótakröfu konu sem slasaðist í skipulagðri hestaferð hjá Kálfholti hestaferðum. Konan féll af baki og hlaut við það beinbrot á framhandlegg og rifbeini auk þess að bólgna og hljóta mar á baki og hálsi. Áður hafði Héraðsdómur Suðurlands fallist á kröfu konunnar

Slysið átti sér stað í ágúst 2013 í fjögurra daga hestaferð sem auglýst var fyrir fólk sem hefði einhverja reynslu af hestaferðum og væri hún ekki fyrir byrjendur. Að mati leiðbeinenda ferðaþjónustufyrirtækisins þá var geta hópsins minni en búist hafði verið við og hefði því verið ákveðið að taka inn í ferðina hesta sem hentuðu hópnum betur. Þar á meðal hefði verið hrossið sem konan féll af.

Að sögn eigenda fyrirtækisins þá var þar um að ræða þægan barnahest. Konan fór á bak og þegar hestinum var sleppt þá rauk hann af stað. Ljóst þótti að hjálmur konunnar bjargaði því að ekki fór verr en skarð kom í hann. Hún missti meðvitund við fallið.

Í dómnum kemur fram að hesturinn hafði farið í hestakerru um 30 kílómetra leið og síðan verið komið fyrir í um klukkustund í gerði með hrossum sem sum voru honum ókunn. Forsvarsmaður hestaleigunnar telur mögulegt að ferðin í kerrunni hafi valdið streitu hjá hestinum auk þess sem það kunni að hafa valdið ótta hjá honum að vera í gerði með ókunnugum hestum. – jhh

> Í dómnum kemur fram að hesturinn hafði farið í hestakerru um 30 kílómetra leið.





VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Sérstaða



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Sérstaða er lykill að verðmætasköpun á markaði. Ef þú hefur sérþekkingu eða sérkenni sem keppinautarnir hafa ekki þá ertu í sterkri stöðu til að búa til verðmæti og hefur líka meira svigrúm og frelsi við verðlagningu þessara verðmæta.

Þetta lögmál á við á næstum því öllum sviðum atvinnulífsins. Í ferðaþjónustu, arkitektúr, verkfræðiþjónustu, lögmennsku, fjölmiðlun. Svona má lengi telja. Þetta lögmál gildir ekki bara um einstaklinga og hæfileika þeirra heldur gildir þetta líka um þjóðríki. Þá er hér vísað til menningararfs þjóðar og síðan áþreifanlegs land- og lífmassa þjóðríkisins. Landsins og gæða þess.

Þegar þjóðir markaðssetja sig þá skiptir sérstaða þeirra máli. Neytendur eru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir ákveðnar vörur frá tilteknum löndum vegna þess að þau hafa sérkenni sem er ávísun á gæði. Hér má nefna osta frá Hollandi, súkkulaði frá Belgíu, nýsjálenskt lambakjöt og kampavín frá Frakklandi. Neytendur eru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir hollenskan Gouda en íslenskan Góðost frá Mjólkursamsölunni. Ekki bara vegna þess að hollenski osturinn er betri á bragðið. Það þykir fínt að reiða fram hollenskan Gouda í matarboði. Vísitala Góðostsins er ekki jafn há.

Íslendingar njóta tímabundins umgengnisréttar við íslenska náttúru á meðan þeir lifa. Á grundvelli sáttamála kynslóðanna höfum við skuldbundið okkur þessi 80-85 ár sem við erum hér, ef við erum heppin, til að umgangast íslenska náttúru af virðingu þannig að afkomendur okkar geti einnig notið góðs af. Við eigum einstakar auðlindir sem við höfum borið gæfu til að nýta vel. Það má hins vegar lítið út af bregða, aðeins nokkur ár af röngum ákvörðunum, til að spilla miklum verðmætum.

Á þessu ári munu vel á þriðju milljón ferðamanna sækja Ísland heim ef bjartsýnustu áætlanir ganga eftir. Margir þeirra hafa ákveðna ímynd um ósnortna náttúru landsins. Enda hafa þeir fengið að heyra sögu sem þeir trúa um hreinleika landsins og náttúrufegurð þess. Margir þeirra koma hingað til að stunda laxveiði. Það þykir eftirsóknarvert að veiða villtan lax á Íslandi og þeir sem til þekkja segja það einstakt á heimsvísu. Lífríki fyrir villtan lax á Íslandi er magnað. Við höfum eitthvað einstakt, fallegt og verðmætt sem aðrar þjóðir hafa ekki.

> **Á síðustu árum hafa íslensk stjórnvöld gerst sek um mjög alvarleg mistök sem framtíðarkynslóðir munu gjalda fyrir dýru verði.**

Á síðustu árum hafa íslensk stjórnvöld gerst sek um mjög alvarleg mistök sem framtíðarkynslóðir munu gjalda fyrir dýru verði. Þetta hafa stjórnvöld gert með því að gefa norskum laxeldisfyrirtækjum nánast frítt spil í uppbyggingu á mengandi stóriðju í fjörðum landsins með laxeldi í sjókvíum. Án þess að fyrir liggi nein stefnumörkun um hvað sé rétt og heilbrigt þegar laxeldi í sjókvíum er annars vegar.

Ef ekki verður brugðist við þegar í stað og sett bremsa á uppbygginguna þessarar atvinnugreinar á meðan starfshópur ráðherra skilar skýrslu um stefnu í málaflokknum er hætt við því að tjónið sé óafturkræft og við glutrum niður verðmætum sem við höfum átt farsæla sambúð með í yfir 1.100 ár. Þannig glötum við verðmætri sérstöðu okkar.





### Halldór





### Frá degi til dags

**Sjálfsþurftarbúskapurinn**

Íslenskir neytendur verða sífellt meðvitaðri um mikilvægi dýraverndar í matvælaframleiðslu. Það sýndi til dæmis hið ömurlega Brúneggjamál sem komst í hámæli á síðasta ári. Hvort það kunni að verða til þess að fólk fari í auknum mæli að stunda sjálfsþurftarbúskap skal ósagt látið. En í öllu falli hefur Kópavogsbær gengið á undan með góðu fordæmi og heimilað íbúum í bænum að halda hænur, samþykki nágrannarnir það. Þá er bara að sjá hvort önnur og stjórnlyndari sveitarfélög fylgi í kjölfarið.

**Óveðrið**

Þeir voru margir sem brugðu sér út fyrir landsteinana um páskana, í sól og sumaryl. Þeir hinir sömu hafa líklegast orðið svekktir er þeir komu til landsins í gær þegar við þeim blasti mikill bylur. Vegna óveðurs sátu einhverjir farþegar fastir í flugvél klukkutímum saman, en komust þó heim á endanum. Einhverjir þeirra kunna að verða ósáttir við að hafa farið úr vélinni og jafnvel að hafa stigið í hana á suðrænum slóðum, því veðurfræðingar hér á landi sjá ekki vor í kortunum fyrr en í maí. Svo er spurning hvort sala ferðaskrifstofa á vorferðum muni aukast í framhaldinu.

jonhakon@frettabladid.is

## Hverjir styðja samdrátt til þróunarmála?



Rósa Björk Brynjólfsdóttir
þingmaður VG, situr í utanríkismálanefnd

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar til næstu 5 ára, kemur fram að Ísland ætlar að draga mun meira úr framlögum til þróunarmála en síðasta ríkisstjórn ákvað. Einnig stendur til að fækka samstarfslöndum í Afríku. Verði áætlunin samþykkt mun Ísland greiða helmingi minna til þróunarmála en ríkisstjórn VG og Samfylkingarinnar ætlaði sér að ná við mun verri efnahagsaðstæður en nú.

Með þessari skammarlegu ákvörðun nú í boði utanríkisráðherrans Guðlaugs Þórs Þórðarsonar er verið að hunsa þingsályktun sem samþykkt var vorið 2013 af öllum viðstöddum þingmönnum, nema Vigdísi Hauksdóttur. Sú ályktun kvað á um að framlög Íslands til þróunarmála myndu hækka úr þáverandi 0,26% af vergum þjóðartekjum upp í 0,42% árið 2016. Á síðasta kjörtímabili var dregið úr þessari áætlun við mótmæli og hneykslan víða í samfélaginu, meðal annars á Alþingi og frá Þróunarsamvinnunefnd.

En nú á að lauma enn meiri lækkun gegnum þingið. Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar um að fylgja markmiði Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki veiti 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu. Með því að halda prósentutölunni á sama stað og árið 2011, erum við ekki bara að gera lítið úr orðspori okkar á alþjóðavísu – en Norðurlöndin hafa öll greitt 0,7% til þróunarmála um árabil – heldur erum við að víkjast undan siðferðislegum skyldum sem efnaðs samfélags til að aðstoða þau allra fátækustu í þessum heimi. Fjármunir sem hafa runnið í að byggja skóla, tryggja menntun sárafátækra barna og stuðla að því að bæta mæðravernd og efla konur til sjálfstæðara lífs þar sem möguleikar þeirra eru af skornum skammti, verða lækkaðir verulega.

> **Sjálfstæðisflokkurinn staðfestir með þessari ákvörðun Guðlaugs Þórs hneykslanlega afstöðu sína til þróunarmála.**

Sjálfstæðisflokkurinn staðfestir með þessari ákvörðun Guðlaugs Þórs hneykslanlega afstöðu sína til þróunarmála en það er afar sorglegt að slíkur niðurskurður njóti stuðnings þingmanna Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Veiðiklúbburinn Strengur



Jim Ratcliffe
fjárfestir

Á síðustu vikum hefur mér orðið æ ljósara að hlutdeild mín í veiðiklúbbnum Streng hefur vakið athygli fjölmiðla og ég taldi ráðlegt að ég varpaði ljósi á hvað fyrir okkur vakir. Það gæti hjálpað til við að útskýra þátttöku mína ef ég segði frá bakgrunni mínum og lífsskoðunum.

Ég hef skapað mína auðlegð sjálfur. Ég ólst upp í fátækum hluta Manchester. Ég hef borið gæfu til að byggja upp mjög farsælt fyrirtæki og á grundvelli þess árangurs er ég í aðstöðu til að hjálpa til á sviðum sem ég tel að eigi skilið athygli.

Augljóslega get ég ekki gert allt en á ferðum mínum hef ég oftsinnis komið til bæði Íslands og suðurhluta Afríku og það er augljóst að á báðum stöðum eru náttúruverndarverkefni sem vert er að styðja við. Þessi verkefni snúast eingöngu um að gera jörðinni okkar dálítið gagn.

Á Íslandi eru margar af bestu laxveiðiám heims. Og laxinn er sannarlega sérstæðasti og aðdáunarverðasti fiskur í heimi. Ferðalagið sem hann leggur í yfir Atlantshafið og upp eftir mörgum óárennilegustu ám heimsins er á mörkum þess sem hægt er að trúa.

Laxinn lifir af í sjó og ferskvatni. Hann kemst hjá alls kyns hungruðum rándýrum í hafi, allt frá selum og höfrungum til hákarla og þegar hann nær á endanum upp í árnar mæta honum flúðir, fossar og klettar. Að lokum, eftir að hafa fundið maka og helgað sér hyl í ánni, fastar hann í 8 mánuði og þarf að berja af sér keppinauta. Ef um heppinn lax er að ræða fær hann að endurtaka þetta ævintýri nokkrum sinnum.

Þetta eru einungis fáeinar ástæður þess að laxinn nýtur virðingar svo víða. En laxinn hefur átt erfitt uppdráttar síðustu 100 árin. Samspil mengunar og ofveiði hefur gengið nærri stofnum og þurrkað tegundina algjörlega út í mörgum ám.

**Í stuttu máli er verndunarstefna okkar að halda í hreinleika landslags og áa, hvetja til búskapar í sátt og samlyndi við ár og ástundun ábyrgrar sportveiði sem styrkir sjálfbærni til framtíðar.**

### Markmiðið að finna sjálfbæra lausn

Meginmarkið verkefnis veiðiklúbbsins Strengs er að vernda þessa einstöku tegund. Markmiðið er einnig að finna sjálfbæra lausn til langs tíma. Fáein góðgerðarframlög eru ekki lausnin.

Sportveiði skapar miklar tekjur, sér í lagi á Íslandi sem hefur yfir að ráða mörgum af bestu sportveiðiám heims. Hún færir bændum á svæðinu aukatekjur en ekki er síður mikilvægt að hún fjármagnar verkefni á sviði náttúruverndar í ánum. Þetta þýðir byggingu laxastiga, lagningu vega að veiðistöðum, stuðning við rannsóknir og eftirlit með laxfiskum auk byggingu vandaðra veiðihúsa. Allt skapar þetta aðstæður fyrir fyrsta flokks tómstundaiðju á Íslandi.

Hið góða við laxastiga er að þeir stækka hrygningarsvæði með því að gera svæði ofar í ám aðgengileg sem þýðir fleiri laxa.

Við höfum þá trú að sportveiðar séu ásættanlegar meðan þær eru stundaðar af virðingu. Sleppa þarf öllum fiski gætilega aftur út í árnar, forðast á ofveiði í ám og veiði ekki leyfð í ám á hrygningartímabili. Einungis fluguveiði leyfð og allt annað agn bannað.

Einnig gerum við allt sem í okkar valdi stendur til þess að mengunarvaldar komist aldrei í ár og þá sérstaklega kemísk efni sem notuð eru í landbúnaði því laxinn er mjög viðkvæmur fyrir öllum slíkum efnum.

Hér hef ég lýst hugmyndafræðilegri nálgun okkar varðandi verndun laxa en hvað hefur þetta þýtt í raun?

Við höfum keypt jarðir í nágrenni við ár á Norðausturlandi, sér í lagi kringum Vopnafjörð, til þess að eiga atkvæðisrétt í veiðifélögum. Þar sem við höfum keypt jarðir höfum við hvatt bændur til að halda áfram búskap á þessum fjarlæga hluta Íslands.

Í lok árs 2016 fjárfestum við líka í Grímsstöðum sem við eigum í félagi við íslenska ríkið og fleiri. Þó að mestu sé um að ræða óbyggt hálendi nær svæðið yfir stóran hluta vatnasvæðis áa á norðausturhluta landsins. Tilgangur þessara kaupa er einungis að vernda og varðveita viðkvæmt vistkerfi þessara mikilvægu áa.

Í stuttu máli er verndunarstefna okkar að halda í hreinleika landslags og áa, hvetja til búskapar í sátt og samlyndi við ár og ástundun ábyrgrar sportveiði sem styrkir sjálfbærni til framtíðar.

Við í Streng vitum að við getum lítið gert við ofveiði á laxi í sjó – slíkt er á ábyrgð stjórnvalda. En við getum skapað náttúrulegan griðastað fyrir lax á þessu afar sérstæða horni á norðaustur Íslandi og vonandi bjargað þessari einstæðu tegund.

**Fyrir frekari upplýsingar á http://www.sela.is**

# Mikilvægi þéttingar byggðar





Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir
framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs - orku- og umhverfisverkfræðingur

Eva Dís Þórðardóttir
stjórnarmaður í Vistbyggðarráði - skipulagsfræðingur hjá EFLU verkfræðistofu

Mikið hefur verið rætt um húsnæðismálin og þéttingu byggðar undanfarið. Í þessari umræðu má heyra að flestir eru sammála að þétting byggðar er jákvæð. Hún er jákvæð vegna þess að hún dregur úr umhverfisáhrifum. Hún hefur jákvæð áhrif á heilsu manna og umhverfið.

Síðastliðna áratugi hefur byggð á höfuðborgarsvæðinu stækkað hlutfallslega meira að flatarmáli en fjölgun íbúa. Aukið umfang byggðar á höfuðborgarsvæðinu hefur valdið því að íbúum á hvern hektara hefur fækkað umtalsvert síðustu áratugi. Árið 1985 var fjöldi íbúa 54 á hvern hektara enn árið 2012 voru íbúar á hektara 35, þ.e. 35% fækkun. Á þessu tímabili fjölgaði bílum umtalsvert meira en íbúum en útþensla byggðar er á forsendum einkabílsins sem aðalsamgöngumáta. Slíkur vöxtur er afar óheppilegur fyrir íbúa, innviði, umhverfið og samfélagsfjárhaginn.

Með dreifðari byggð versna skilyrði fyrir samgöngur almennt, sérstaklega fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi þar sem vegalengdir verða meiri. Samgöngur fyrir einkabíla versna einnig vegna fjölgunar einkabíla og aukinna vegalengda á milli staða. Þar með notum við meiri tíma í að koma okkur á milli staða. Dýrmætan tíma sem annars væri hægt að nýta í annað.

Með þéttingu byggðar er verið að nýta betur alla innviði, landnýting verður betri og mögulegt er að draga verulega úr notkun einkabílsins með tilheyrandi samdrætti í losun á gróðurhúsalofttegundum og minna svifryki. Þétting byggðar hefur einnig jákvæð áhrif á samfélagið þar sem nálægð fólks verður meiri og þar af leiðandi samskipti fólks t.d. í almenningsrýmum. Þétting byggðar styttir vegalengdir og gefur fólki raunverulegan kost á að nota vistvæna samgöngumáta eins og t.d. að ganga eða hjóla. Allt þetta hefur bein áhrif á heilbrigði okkar sem skilar sér í jákvæðum áhrifum á heilbrigðiskerfið okkar. En lífsstílstengdir sjúkdómar eins og kyrrseta er eitt af stóru vandamálunum í Evrópu og víðar í heiminum. Það er því margþættur samfélagslegur ávinningur við þéttingu byggðar.

Reykjavíkurborg tók af skarið og setti skilmerkilega stefnu í aðalskipulag um að hætta þenslu borgarinnar og byggja innan borgarinnar á svokölluðum þéttingarsvæðum. Önnur sveitarfélög svo sem Hafnarfjörður, Kópavogur og Garðabær hafa einnig sett sér stefnu/áætlun um að þétta innan þegar byggðra svæða. Segja má að í dag séu sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu á þeim stað í sinni stefnu að þurfa að standa við sett stefnumið um að hætta útþenslu byggðar en tryggja um leið nægt framboð lóða í takt við þörfina.

### Vinnum áfram eftir settum markmiðum

Ástæðuna fyrir umræðu um þéttingu byggðar undanfarið má rekja til þess stóra vanda sem við sem samfélag stöndum frammi fyrir í húsnæðismálum. Nú þegar kaupmáttur hefur aukist hafa framkvæmdir hafist að nýju eftir hrun. Hins vegar er byggingarmarkaðurinn langt eftir á þar sem lítið sem ekkert var byggt í hruninu og á árunum eftir. Nú standa markaðurinn og sveitarfélögin frammi fyrir því að vinna upp „tapið“ ásamt því að skaffa hið árlega magn íbúða sem þörf er á hverju sinni.

Það er freistandi að falla í sama farið aftur og brjóta nýtt land undir byggð, sérstaklega þegar við sjáum ekki ávinninginn af þéttingu byggðar strax. Það er fljótlegra og kannski auðveldara að brjóta nýtt land undir uppbyggingu með þeim rökum að það er hagkvæmara. En með þeim rökum er eingöngu verið að horfa til afmarkaðs hluta kostnaðar. Ef kostnaður slíkra framkvæmda er reiknaður m.t.t. kostnaðar samfélagsins og einstaklinga við að viðhalda slíkri byggð er það ekki raunin.

Við erum að gera margt rétt varðandi þéttingu byggðar. Höldum áfram að vinna eftir settum markmiðum varðandi þéttingu byggðar þó þau séu erfið og flókin. Skipulagsmál snúast m.a. um að setja stefnu til framtíðar og fylgja henni eftir, þannig næst árangur sem komandi kynslóðir munu njóta góðs af.









# Before the Flood



**Ólafur Þ. Hallgrímsson**
fv. sóknarprestur

Myndin Before the Flood, sem sjónvarpið sýndi 4. janúar, var gríðarlega áhrifamikil. Í myndinni ferðast leikarinn góðkunni, Leonardo DiCaprio, um heiminn í tvö ár til að kynna sér ástand umhverfismála, og afraksturinn er þessi mynd, sem ekki gefur tilefni til mikillar bjartsýni.

Hnattræn hlýnun af völdum gróðurhúsalofttegunda (CO2) eykst hraðar en menn áttu von á. Þar munar mest um jarðefnaeldsneytisiðnaðinn, notkun kola og olíu. Engin þjóð brennir meira af jarðefnaeldsneyti en Kínverjar, sem komnir eru fram úr Bandaríkjunum, hvað mengun snertir. Í þriðja sæti er svo Indland.

Í myndinni er sýnt, hvernig stöðugt er unnið að eyðingu stærstu regnskóga heims á Amasonsvæðinu og í Indónesíu til að rýma fyrir ræktun kókospálma, en regnskógarnir binda gríðarlegt magn kolefnis og auka við súrefni andrúmloftsins. Jöklar, einkum á norðurhveli, fara minnkandi vegna hlýnunar. Munar þar mestu um bráðnun Grænlandsjökuls, stærsta jökuls heims, sem virðist mun hraðari en menn ætluðu. Afleiðingin verður hækkun sjávarborðs heimshafanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir eyjar og strandríki. Súrnun sjávar er ein afleiðing loftslagsbreytinga, sem mun koma illa niður á eyríkjum eins og Íslandi. Um fimmtíu prósent af öllum kóralrifjum heims, sem verið hafa auðug af fiski, hafa þegar verið eyðilögð.

Þetta eru vissulega ekki uppörvandi staðreyndir, en þó ekki annað en það, sem vísindamenn hafa lengi varað við. Nær allir loftslagsfræðingar eru nú sammála um, að loftslag sé að hlýna af mannavöldum og í óefni stefni, ef ekki verður brugðist við. Áhrifa hlýnunar er þegar farið að gæta um heim allan, m.a. í afbrigðilegu veðurfari, meiri tíðni fellibylja, flóða og hvers kyns náttúruhamfara. Parísarráðstefnan um loftslagsmál í desember 2015 þar sem 195 ríki, stór og smá, þ.á.m. USA og Kína, skuldbundu sig til að draga úr mengun, svo hiti á jörðinni hækki ekki meira en um tvær gráður fram til 2030, vakti vonir margra.

Fyrir ráðstefnuna lýsti þáverandi umhverfisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, því yfir að Ísland stefndi á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um fjörutíu prósent fyrir árið 2030 og fylgja þar með fordæmi Norðmanna. Stefnt skuli að fjölgun rafbíla, aukinni skógrækt til kolefnisbindingar, landgræðslu og endurheimt votlendis. Allt vissulega góðra gjalda vert, en meira mun til þurfa eigi markmiðin að nást.

Ekki var traustvekjandi, hve loftslagsmálin voru lítið til umræðu í kosningabaráttunni á liðnu hausti. Nú er ný ríkisstjórn komin til valda, og í stefnuskrá hennar er að finna ýmis góð markmið varðandi umhverfisvernd, svo sem græna skatta, áætlun um verndun miðhálendisins og aðgerðir í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamkomulag. „Ekki verður efnt til nýrra ívilnandi fjárfestingarsamninga vegna uppbyggingar mengandi stóriðju,“ segir þar.

### Hulin ráðgáta

En hvað felst í þessum orðum? Áformuð er bygging a.m.k. þriggja nýrra kísilvera auk stækkunar álvers á Grundartanga. Á Bakka eru framkvæmdir í fullum gangi, og í Helguvík er kísilver United Silicon þegar tekið til starfa með tilheyrandi mengun, sem íbúar Reykjanesbæjar hafa þegar fundið fyrir í eigin skinni. Ætlar ný ríkisstjórn að gefa grænt ljós á öll þessi verkefni? Þeirri spurningu þarf hún að svara. Viðurkennt er, að stóriðjan leggur til um helming af allri koltvísýringsmengun á Íslandi nú þegar. Að bæta enn þar í mun tæplega teljast gott framlag til Parísarsamkomulagsins.

Um stóriðjuna er sjaldnast rætt, þegar umhverfismálin ber á góma, hún er einhvern veginn alltaf undanskilin, enda erum við búnir að koma henni undir hatt Evrópusambandsins, svo við getum farið þar fram að eigin geðþótta. Hvernig áform um aukna stóriðju fara saman við markmið okkar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um tugi prósenta, er sjálfsagt fleirum hulin ráðgáta en þeim, sem þetta ritar. Vonandi sýnir ný ríkisstjórn, að henni sé alvara í umhverfismálum. Góðar óskir fylgja nýjum umhverfisráðherra, Björt Ólafsdóttur, í starfi.

Hnattræn hlýnun er alvarlegasta verkefni, sem mannkynið stendur nú frammi fyrir. Það varðar framtíð lífsins á jörðinni, eins og myndin Before the Flood sýnir svo átakanlega. Við Íslendingar verðum eins og aðrar þjóðir að leggja þar fram okkar skerf. Þar duga ekki innihaldslitlar yfirlýsingar, heldur aðeins athafnir, og það þarf að hefjast handa strax.

# Múslímaskatt á Íslandi?



**Hjalti Rúnar Ómarsson**
formaður Vantrúar

Hvernig væri að leggja sérstakan skatt á múslíma á Íslandi? Framkvæmdin gæti verið sú að skráðir múslímar á Íslandi borgi hærri tekjuskatt. Margir afskrifa eflaust þessa tillögu þar sem þetta væri gróf mismunun og mannréttindabrot. Samt er það svo að á Íslandi er þegar í gildi sambærilegur skattur að áliti margra.

Samkvæmt Þjóðkirkjunni og mörgum innan stjórnsýslunnar eru sóknargjöld félagsgjöld trúfélaga sem ríkið innheimtir í gegnum tekjuskatt. Þeir sem eru ekki meðlimir í trúfélagi borga jafn háan tekjuskatt og meðlimir trúfélaga. Þeir borga því í raun hærri tekjuskatt. Þá upphæð sem greidd er aukalega, sem er jafn há og innheimt sóknargjöld, mætti kalla trúleysingjaskatt.

Annað hvort er trúleysingjaskattur ósköp eðlilegt fyrirbæri og þá er einnig ekkert við múslímaskatt að athuga, eða báðir skattarnir eru mannréttindabrot. Mannréttindanefnd Sameinuðu Þjóðanna hefur sagt að trúleysingjaskatturinn sé mannréttindabrot en stjórnvöld hafa ekki tekið mark á því.

Ef trúleysingjaskatturinn er mannréttindabrot ber að afnema hann. Ef trúleysingjaskatturinn er í lagi, þá er múslímaskattur það líka. Hvort eigum við að afnema trúleysingjaskattinn eða ræða af alvöru upptöku múslímaskatts?

Þjóðkirkjan átti þátt í að koma trúleysingjaskattinum á og hefur varið hann. Stjórnendur hennar sjá því varla neitt athugavert við múslímaskatt.

Ég tel hins vegar báða skattana vera mannréttindabrot og að Alþingi eigi að afnema trúleysingjaskattinn sem fyrst.











*Opinn kynningarfundur*

**ÁRLEGUR FUNDUR UM NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG UMHVERFISVÖKTUNAR Á GRUNDARTANGA**

Umhverfisstofnun boðar til opins kynningarfundar um niðurstöður eftirlits og umhverfisvöktunar á Grundartanga miðvikudaginn 19. apríl að hótel Glym, Hvalfjarðarsveit klukkan 15:30.

Í starfsleyfum tiltekinna stærri fyrirtækja er kveðið á um að boða skuli til opins kynningarfundar um umhverfisvöktun og losun af völdum starfseminnar.

**DAGSKRÁ FUNDARINS**

**SETNING FUNDARINS**
- Hallfreður Vilhjálmsson frá Hvalfjarðarsveit, fundarstjóri

**ÁHERSLUR OG FYRIRKOMULAG Í EFTIRLITI**
- G. Stella Árnadóttir frá Umhverfisstofnun

**NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG MÆLINGA Á LOSUN IÐJUVERANNA**
- Einar Halldórsson frá Umhverfisstofnun

**NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISVÖKTUNAR**
- Eva Yngvadóttir frá Eflu

**ERINDI**
- Steinunn Dögg Steinsen frá Norðuráli

**ERINDI**
- Sigurjón Svavarsson frá Elkem Ísland

**UMRÆÐUR Í LOK FUNDAR**

*Nánari upplýsingar og birting vöktunarskýrslna á umhverfisstofnun.is*

UMHVERFIS STOFNUN








Við fögnum sumrinu með sólríkum tilboðum

# 25%
## AFSLÁTTUR

af öllum hlaupahjólum, hjólabrettum, línuskautum, reiðhjólum og Heelys hjólaskóm





Tilboðin gilda 18.-20. april

Toys R Us®

**OPNUNARTÍMI:** SMÁRATORG: þriðjudagur 11:00-18:30, miðvikudagur 11:00-18:30 og Fimmtudagur 12:00-18:00
KORPUTORG: þriðjudagur 11:00-18:30, miðvikudagur 11:00-18:30 og Fimmtudagur 12:00-18:00
GLERÁRTORG AKUREYRI: þriðjudagur 10:00-18:30, miðvikudagur 10:00-18:30 og Fimmtudagur 13:00-17:00

## Lengjubikarinn heldur til í Reykjavík næsta árið





Indriði Sigurðsson, fyrirliði KR, lyftir Lengjubikarnum eftir 4-0 sigur á Grindavík og Margrét Lára Viðarsdóttir gerir það sama fyrir Valskonur sem unnu Breiðablik í úrslitum, 2-1. Margrét Lára skoraði sigurmark Valsara sem unnu keppnina í þriðja sinn. KR-ingar eru orðnir sigursælastir í karlaflokki með sjö deildabikarssigra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bikarinn í Vesturbæ og Keflavík

**Lokaúrslitin í Dominos-deildunum hefjast í kvöld. Bæði KR og Snæfell hafa orðið meistarar síðustu þrjú ár. KR heldur áfram að vinna en Snæfell þarf að láta titilinn af hendi að mati Péturs Más Sigurðssonar.**

**KÖRFUBOLTI** Vegna frestunar á fyrsta leik Snæfells og Keflavíkur í lokaeinvígi Domino´s-deildar kvenna í gær vegna veðurs hefjast lokaúrslitin í karla- og kvennadeildinni í kvöld en boðið verður upp á tvíhöfða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD og Domino´s-Körfuboltakvöld fer yfir málin í beinni úr Hólminum.

Bæði KR í karlaflokki og Snæfell í kvennaflokki hafa orðið Íslandsmeistarar þrjú ár í röð. Drottnunin heldur áfram hjá strákunum en Keflavík rýfur einokun Snæfelsstúlkna að mati Péturs Más Sigurðssonar sem þekkir vel til í báðum deildum. Hann er aðalþjálfari kvennaliðs Stjörnunnar og aðstoðarþjálfari karlaliðsins.

### Grindavík þarf að byrja vel

„Gamli góði pappírinn gefur til kynna að úrslitin hjá körlunum verði einstefna en ég er á því að ef Grindvíkingar koma með látum inn í fyrsta leikinn og spila hart en skynsamlega þá geta þeir sett þetta í uppnám og farið með einvígið í fimm leiki,“ segir Pétur um lokaúrslitin hjá körlunum sem hefjast í kvöld klukkan 18.00.

KR varð deildar- og bikarmeistari og vann Grindavík í báðum leikjum liðanna á tímabilinu. Fyrir jól vann KR fimmtán stiga sigur en vegna klúðurs á ritaraborðinu vann KR nauman tveggja stiga sigur í seinni leiknum í Grindavík.

„Það eru ákveðnir leikmenn sem bera uppi sóknarleik Grindavíkur en ef Grindjánar ætla að gera eitthvað þurfa þeir að vera með hugarfarið í lagi og fá framlag frá fleiri heldur en þremur aðalmönnunum sínum. Ef það gengur ekki upp hjá þeim getum við horft upp á sóp hjá KR,“ segir Pétur sem lenti heldur betur undir Grindavíkurvaltaranum með Stjörnunni í undanúrslitunum þar sem Garðbæingum var sópað í sumarfrí með þremur stórsigrum þeirra gulu.

„Þeir verða að spila þannig og fá áfram framlag frá Ingva Þór og þessum ungu strákum á bekknum. Þorsteinn Finnbogason þarf að halda áfram að gera það sem hann var að gera á móti okkur. Þeir verða allir að vera tengdir og passa upp á litlu hlutina sem ég segi alltaf að séu stærstu hlutirnir.“

KR-liðið er eðlilega miklu sigurstranglegra.

„Keflavík var að spila vel á móti KR en það sýndi alveg gæðin og reynsluna hjá KR-liðinu að klára þennan fjórða leik á útivelli. Spennustigið er hátt og stressið mikið í svona leikjum en reynslan og gæðin eru KR-megin. KR vinnur þetta 3-1 en Grindavík getur farið í fimmta leik með góðri byrjun,“ segir Pétur Már.

### Fimm leikja fjör

Snæfell vann Keflavík þrisvar sinnum í fjórum leikjum í vetur en þann síðasta vann Keflavík nokkuð sannfærandi. Þetta unga lið Sverris Þórs Sverrissonar er búið að sýna að það er ekki hrætt við stóra sviðið en það er bæði búið að verða bikarmeistari og klára vel mannað lið Skallagríms í fimm leikja rimmu í undanúrslitum.

> Þeir verða allir að vera tengdir og passa upp á litlu hlutina sem ég segi alltaf að séu stærstu hlutirnir.
>
> Pétur Már Sigurðsson



„Þetta verður svakalega skemmtileg rimma,“ segir Pétur. „Það er erfitt að lesa í þessa rimmu því bæði lið vilja halda mótherjanum á hálfum velli og keyra hraðaupphlaup. Þetta gæti orðið mjög taktískt.“

Eitt er það sem Keflavík verður að gera ætli það að stöðva Snæfell.

„Þær verða að stöðva Ellenberg, Kanann hjá Snæfelli. Hún er náttúrlegur skorari sem þarf ekkert pláss í teignum. Við náðum aðeins að hægja á henni í undanúrslitunum en það var bara með því að tvídekka hana og neyða hana til að gefa boltann. En þá fer boltinn bara á næsta góða leikmenn því allar geta þær skorað hjá Snæfelli,“ segir Pétur sem hefur þó mikla trú á Keflavíkurliðinu.

„Keflavíkurliðið er með hávaxnka bakverði og hefur þann eiginlega að geta hent inn mörgum ungum leikmönnum sem allir geta varist og þannig getur Keflavík þreytt Ellenberg. Þær pressa allan völlinn en ekki má samt gleyma varnarleiknum hjá Snæfelli með Gunnhildi og Berglindi, systurnar sem eru frábærir varnarmenn. Þetta getur endað báðu megin og það er auðvelt að tippa á Snæfell en það hentar Keflavík betur að fara í langa seríu og ég sé þetta fara langt. Ég spái því Keflavík titlinum í alveg ótrúlega skemmtilegri rimmu,“ segir Pétur Már Sigurðsson. tomas@365s.is

### KR – GRINDAVÍK
**SPÁ PÉTURS**

**3-1** Ef Grindavík byrjar vel í fyrsta leik getur þetta farið í fimm leiki segir Pétur en annars vinnur KR þetta nokkuð sannfærandi.

### SNÆFELL – KEFLAVÍK
**SPÁ PÉTURS**

**2-3** Í frábærri rimmu sér Pétur fram á að ungir og ferskir fætur Keflavíkur með sinn flotta varnarleik stöðvi einokun Snæfellsstúlkna.

## Nýjast

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Tottenham - Bournem. 4-0**
1-0 Moussa Dembéle (16.), 2-0 Son Heung-Min (19.), 3-0 Harry Kane (48.), 4-0 Vincent Janssen (90.).

**C. Palace - Leicester 2-2**
0-1 Robert Huth (6.), 0-2 Jamie Vardy (52.), 1-2 Yohan Cabaye (54.), 2-2 Christian Benteke (70.)

**Everton - Burnley 3-1**
1-0 Phil Jagielka (49.), 1-1 Sam Vokes (52., viti), 2-1 Ben Mee (71., sm), 3-1 Romelu Lukaku (74.).

**Stoke - Hull 3-1**
1-0 Marko Arnautovic (6.), 1-1 Harry Maguire (51.), Peter Crh (66.), Xherdan Shaqiri (80.).

**Sunderland - West Ham 2-2**
0-1 André Ayew (5.), 1-1 Wahbi Khazri (26.), 1-2 James Collins (47.), 2-2 Fabio Borini (90.). **Rautt:** Sam Byram, West Ham (90.)

**Watford - Swansea 1-0**
1-0 Étienne Capoue (42.).

**Southampt. - Man. City 0-3**
0-1 Vincent Kompany (55.), Leroy Sané (77.), Sergio Agüero (80.).

**WBA - Liverpool 0-1**
0-1 Roberto Firmino (45.).

**Man. Utd - Chelsea 2-0**
1-0 Marcus Rashford (7.), Ander Herrera (49.).

**Middlesbr. - Arsenal 1-2**
0-1 Alexis Sánchez (42.), 1-1 Álvaro Negredo (50.), 1-2 Mesut Özil (71.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 32 | 24 | 3 | 5 | 65-27 | 75 |
| Tottenham | 32 | 21 | 8 | 3 | 68-22 | 71 |
| Liverpool | 33 | 19 | 9 | 5 | 69-40 | 66 |
| Man. City | 32 | 19 | 7 | 6 | 63-35 | 64 |
| Man. Utd. | 31 | 16 | 12 | 3 | 48-24 | 60 |
| Arsenal | 31 | 17 | 6 | 8 | 63-40 | 57 |
| Everton | 33 | 16 | 9 | 8 | 60-37 | 57 |
| WBA | 33 | 12 | 8 | 13 | 39-42 | 44 |
| Southamp. | 31 | 11 | 7 | 13 | 37-40 | 40 |
| Watford | 32 | 11 | 7 | 14 | 37-52 | 40 |
| Stoke | 33 | 10 | 9 | 14 | 37-48 | 39 |
| Leicester | 32 | 10 | 7 | 15 | 41-53 | 37 |
| West Ham | 33 | 10 | 7 | 16 | 44-59 | 37 |
| Burnley | 33 | 10 | 6 | 17 | 33-47 | 36 |
| Crystal P. | 32 | 10 | 5 | 17 | 44-52 | 35 |
| Bournem. | 33 | 9 | 8 | 16 | 45-63 | 35 |
| Hull City | 33 | 8 | 6 | 19 | 34-67 | 30 |
| Swansea | 33 | 8 | 4 | 21 | 37-68 | 28 |
| Middlesbr. | 31 | 4 | 12 | 15 | 22-37 | 24 |
| Sunderland | 32 | 5 | 6 | 21 | 26-58 | 21 |

### Lengjubikar, úrslitaleikir

**Grindavík - KR 0-4**
0-1 Óskar Örn Hauksson (29.), 0-2 Tobias Thomsen (62.), 0-3 Tobias Thomsen (81.), 0-4 Ástbjörn Þórðarson (90.+3).

**Valur - Breiðablik 2-1**
1-0 Stefania Ragnarsdóttir (14.), 1-1 Fanndís Friðriksdóttir (44.), 2-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (79.).

## Í dag

**Stöð 2 Sport HD**

| | | |
|---|---|---|
| 17.45 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 18.00 | KR - Grindavík | Sport |
| 18.30 | Real M. - Bayern | Sport2 |
| 18.30 | Leicester - Atlético | Sport3 |
| 20.00 | Snæfell - Keflavík | Sport |
| 20.45 | Meistaramörkin | Sport2 |

**Lokaúrslit í Domino's-deildunum**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | KR - Grindavík | Sport |
| 20.00 | Snæfell - Keflavík | Sport |

Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL 2017



# Á kajak í kringum Írland

Guðni Páll Viktorsson hyggst róa á kajak í kringum Írland í sumar. Áður hefur hann róið einn í kringum Ísland. →2



**Nutrilenk Gold, Active og Gel eiga það sameiginlegt að hjálpa til við að draga úr verkjum í liðum.**

heilsa →3



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Guðni hefur lengi stundað kajakróður og veit fátt skemmtilegra en að vera úti á sjó á kajak. Hann réri einn í kringum Ísland fyrir fjórum árum og ákvað strax eftir þann leiðangur að róa næst í kringum Írland.

„Írland er afar fallegt land og heillandi fyrir kajakfólk. Við erum fjórir félagar sem förum saman í þetta verkefni en auk mín er einn Breti og tveir Írar í hópnum. Við stefnum á að hefja róður þann 4. júní en það fer auðvitað eftir veðri. Við erum í samstarfi við írsku landhelgisgæsluna svo fyllsta öryggis er gætt,“ segir Guðni sem er að vonum orðinn spenntur fyrir ferðinni.

„Sumir vilja kalla þetta frí en það er ekki alveg svo gott. Íslandshringurinn var stærsta verkefnið mitt hingað til en Ísland þykir mjög erfitt róðrasvæði. Það var góður undirbúningur fyrir Írlandsferðina. Hringurinn í kringum Írland er vissulega styttri en í kringum Ísland og hitastigið hærra en það er margt annað sem þarf að huga að, svo sem miklir straumar,“ segir Guðni.

Í ferðinni í kringum Ísland segist Guðni hafa kynnst hvað Íslendingar eru gestrisnir og almennilegir. „Sama hvar ég kom að landi þá var mér tekið eins og týnda syninum sem væri kominn heim aftur. Það var alveg magnað.“

## Róa 40-100 km daglega

Guðni reiknar með að þeir félagar muni róa allt frá 40 km og upp í 100 km á dag. „Meðalróðurinn verður sennilega um 60 km á dag en það fer líka eftir veðri og vindum og stemmingunni í hópnum. Síðasta árið hef ég undirbúið mig vel fyrir ferðina. Fyrst og fremst snýst undirbúningurinn um að róa mikið og halda sér í góðu formi. Það er gífurlega mikill munur á róðrarformi og almennu líkamsræktarformi. Besta æfingin fyrir svona ferð er einfaldlega að róa mikið, oft og lengi.“



„Besta æfingin fyrir svona ferð er einfaldlega að róa mikið, oft og lengi.“

## Hefði átt að byrja fyrr

Kajakróður hefur lengi verið helsta áhugamál Guðna og á sumrin vinnur hann við leiðsögn á kajak út frá Ísafirði. „Ég ver sumrinu að mestu á kajak úti á sjó. Áhuginn kviknaði þannig að ég ætlaði mér að fara að veiða á kajak og fékk mér bát til þess að stunda skotveiði og stangveiði. Síðan fékk ég að prófa betri báta og betri búnað og þá varð ekki aftur snúið. Ég er frá Dýrafirði en hafði oft séð fólk róa á Pollinum á Ísafirði í blankalogni. Það var mjög heillandi. Þegar ég hætti í fótboltanum skellti ég mér á kajaknámskeið og sé ekki eftir því. Ég sé bara eftir að hafa ekki byrjað fyrr,“ segir hann.

Guðni verður þrítugur í sumar og segja má að Írlandsferðin sé afmælisferðin hans. „Við Eva Alfreðsdóttir, sambýliskona mín, eignuðumst dóttur fyrir þremur mánuðum. Mesta áskorunin verður að fara í burtu frá þeim. Mér finnst erfitt að fara frá dóttur minni núna þegar hún er svona lítil. Írlandsferðin var ákveðin fyrir löngu síðan svo það verður ekki aftur snúið. Þetta verður mikið ævintýri.“



Guðni með sjálfan rebba í baksýn á Hornströndum.



„Þegar ég hætti í fótboltanum skellti ég mér á kajaknámskeið og sé ekki eftir því. Ég sé bara eftir að hafa ekki byrjað fyrr.“



„Sama hvar ég kom að landi þá var mér tekið eins og týnda syninum sem væri kominn heim aftur. Það var alveg magnað.“



„Mér finnst erfitt að fara frá dóttur minni núna þegar hún er svona lítil.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 5457
**Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
**Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.is, s. 512 5433

# Fasteignir.is

vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

16. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL 2017


**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 • landmark.is
**Landmark leiðir þig heim!**
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



**Sigurður Samúelsson** Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312
**Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820
**Kristján Ólafsson** Hrl. Löggiltur fasteignasali
**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri Sími 770 0309
**Eggert Maríuson** Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472
**Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir** skjalagerð
**Benedikt Ólafsson** Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788
**Nadia Katrín** Sölufulltrúi Sími 692 5002
**Helga Snorradóttir** Skjalavinnsla
**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir** Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali Sími 895 7784
**Ingibjörg Agnes Jónsdóttir** Sölufulltrúi Sími 897 6717
**Jóhanna Gustavsdóttir** Sölufulltrúi Sími 698 9470

## Kleppsvegur 6 - 42,9 m

Opið hús miðvikudaginn 19. apríl kl. 17:00 - 17:30

- *Eignin er skráð skv. ÞÍ 114,7 fm (íbúð 108,2 og geymsla 6,5 fm)*
- *Lyfta, 5.hæð*
- *Endaíbúð þ.e. gluggar á 3 vegu.*
- *3 rúmgóð svefnherbergi*
- *Möguleiki á 4.svefnherbergi*
- *Endurnýjað baðherbergi*
- *S. svalir með óhindruðu útsýni*
- *Húsið er nýlega viðgert að utan. Nýjir gluggar og svalahurð*
- *Eignin er laus við kaupsamning*
- *Þvottavél og uppþvottavél fylgja með í kaupunum.*







**Elín Viðarsdóttir**
Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan
Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is

BERG FASTEIGNASALA



**Háholt 14, Mosfellsbær**
• Sími: 588 5530
• berg@berg.is - www.berg.is
• GSM 897 0047

**Pétur Pétursson**
**lögg. fasteignasali**
*petur@berg.is*

# Glæsilegt parhús í Mosfellsbæ

Fasteignasala Mosfellsbæjar, sími 586-8080 kynnir glæsilegt 223,5 m2 parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Asparteig 5 í Mosfellsbæ.



Glæsilegt parhús við Asparteig í Mosfellsbæ.

Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt í alla helstu þjónustu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. Góð lofthæð og stórir gluggar sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. Suðurgarður með timburverönd og geymsluskúr. Komið er inn í forstofu með fataskáp. Á hægri hönd er gestasnyrting. Þar við hlið er þvottahús með innréttingu. Á vinstri hönd úr forstofu er gengið inn í bílskúr með epoxy efni á gólfi. Úr forstofu er komið inn í hol með flísum á gólfi.

Á hægri hönd er borðstofa og eldhús, flísar á gólfi og er lofthæð mjög mikil í borðstofu. Í eldhúsi er hvít innrétting með innbyggðri uppþvottavél, spanhelluborði og blástursofni. Úr holi er gengið inn í rúmgóða stofu með parketi á gólfi. Úr borðstofu er gengið út á timburverönd og garð í suðvestur. Úr holi er gengið uppstiga á efri hæðina. Komið er inn á gang með parketi á gólfi. Á gangi eru þrjú svefnherbergi með fataskápum og parketi á gólfi. Sjónvarpshol með parketi á gólfi.

Glæsilegt baðherbergi með innréttingu, baðkari og stórri sturtu. Fallegt útsýni er í norður frá hjónaherbergi.

***Allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080. Einnig er hægt er að ná í starfsmenn utan vinnutíma Svanþór 698-8555, Ingimar 612-2277 og Einar Páll 899-5159***

**heimili**
fasteignasala
– á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur
Finndu okkur á Facebook

## Öldugrandi 9 - glæsileg 4ra + stæði. Opið hús.




Stórglæsileg íbúð á 1. hæð ásamt stæði í bílageymslu.

Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð að innan frá a-ö. Þrjú rúmgóð herbergi, opið eldhús við stofu, suðursvalir o.fl. Sérinngangur af svölum. Frábær staðsetning.

**Verð 49,9 milljónir.**
**Opið hús í dag frá kl. 17:15 - 17:45.**

Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.

## Hæðarbyggð í Hvalfirði.




Glæsilegt um 55 fm heilsárshús ásamt um 20 fm svefn eða stofulofti. Tvö herbergi og stofa.

Húsið er á sérlega fallegum stað í landi Kalastaða.

Fallegt útsýni yfir fjörðinn af stórum sólpalli. Öll þægindi og heitur pottur.

**Verð 21,5 milljónir.**

## Rjúpufell 35 - 4ra herb. Skipti á minni eign.




Vel skipulögð um 110 fm endaíbúð á 2. hæð.

3 svefnherbergi og yfirbyggðar svalir út frá stofu.

Húsið er nýlega klætt að utan.

Seljendur leita eftir minni eign á svipuðu svæði.

**Verð 36,5 m.**

Frekari upplýsingar veitir Hafdís 699-8217

## Hörðukór - glæsileg efsta hæð með útsýni.




Einstök útsýnisíbúð, alls 197 fm með tvennum suðursvölum og stæði í bílageymslu.

Íbúðin er sérlega vönduð og er með þrem herbergjum, tveim baðherbergjum og stórum stofum.

Frábært útsýni í suður, austur og vestur.

**Verð 74,9 millj.**

Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.

## Baugakór 15-17. 4 herb. m. bílskúr




Glæsileg 152,9 fm íbúð með sér 25,9 fm bílskúr. Sér inngangur, þrjú góð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og sér þvottahús. Stofur og eldhús eru í samliggjandi opnu rými og frá stofu er útengt út á stórar svalir til suðurs. Eldhús er með fallegri ljósri innréttingu og sérstæðri eyju.

Falleg eign á góðum stað.

Uppl. veitir Brynjólfur, S: 896-2953.

## Grensásvegur - til leigu 27 fm skrifstofuherb.




Til leigu 27 fm skrifstofuherbergi með aðgangi að snyrtingum og sameign.

Húsnæðið er nýlega endurnýjað í góðu ástandi og er laust nú þegar til afhendingar.

Næg bílastæði.

Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali* · **Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri* · **Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri* · **Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali* · **Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari* · **Reynir Björnsson** *Hagfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali* · **Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.* · **G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali* · **Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.* · **Davíð Jónsson** *Aðstoðarm. fast.s.* · **Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri* · **Elín Þorleifsdóttir** *Ritari* · **Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari* · **Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## ÞORRAGATA 9, 101 REYKJAVÍK








Falleg og vönduð 130,8 fm íbúð á 2. hæð í eftirsóttu húsi við Þorragötu, ásamt 19 fm innbyggðum bílskúr. Samtals 149,8 fm. Íbúðin skiptist m.a. í forstofu, stóra stofu og borðstofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús. Sér geymsla í kjallara. Innangengt í bílskúr. Glæsilegt sjávarútsýni út stofu. Íbúðin er laus fljótlega. Íbúðin er fyrir 63 ára og eldri. **Opið hús þriðjudaginn 18. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 203). Húsvörður er í húsinu. V. 76 m.**

## STÓRAGERÐI 20, 108 REYKJAVÍK






Falleg 90,1 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð við Stóragerði í Reykjavík. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu og tvö herbergi. Svalir til suðurs. Fyrir þremur árum var skipt um járn og pappa á þaki ásamt því var húsið málað að utan. **Opið hús þriðjudaginn 18. aprí milli 17:15 og 17:45 (íbúð 101). V. 39,5 m.**

## HLÍÐARHJALLI 55, 200 KÓPAVOGUR






Mjög falleg 65 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi í Suðurhlíðum Kópavogs. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu, herbergi, eldhús og baðherbergi. Lögn f. þvottavél inní íbúð. Góðar svalir. Mjög fallegt útsýni. Snyrtileg sameign. **Opið hús þriðjudaginn 18. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 202).**

## STUÐLABERG 60
### 221 HAFNARFJÖRÐUR



Sérlega vandað og vel skipulagt 203 fm parhús, þar af 18 fm sérstæður bílskúr. Um er að ræða hús á tveimur hæðum auk rishæðar. Húsið stendur á jaðarlóð og er útsýni sérstaklega fallegt. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, sjónvarpshol og fjögur herbergi. Í risi er einnig bjart og gott hol. Timburverönd í garði. **V. 71,9 m. 3**

## SUÐURHÓLAR 35B
### 111 REYKJAVÍK




Mjög góð 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu klæddu fjórbýlishúsi frá 2007. Sérinngangur. Tvö svefnherb. (eitt samkvæmt teikn). Mjög góðar innréttingar, flísal. baðherb. með tengi f.þvottav. Sérafgirt hellulögð verönd. **Opið hús þriðjudaginn 18. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 101). V. 33 m.**

## SUNDLAUGAVEGUR 26
### 105 REYKJAVÍK



Falleg og vel skipulögð 84,2 fm 4ra herbergja íbúð með sérinngangi sem hefur verið nýlega standsett að innan. íbúðin skiptist m.a. í forstofu, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðin er laus til afhendingar og getur verið afhent með húsgögnum. **V. 36,9 m.**

## BERJARIMI 2
### 112 REYKJAVÍK




Mjög góð 94,5 fm. 3ja herb. íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílgeymslu í fallegu fjölbýli við Berjarima í Reykjavík. Stofa og tvö herbergi. Opið milli eldhúss og stofu. Sameign er mjög snyrtileg, nýlega máluð og teppalögð. **Opið hús þriðjudaginn 18. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 303). V. 38,9 m.**

## HRÍSATEIGUR 18
### 105 REYKJAVÍK



Samtals 114,2 fm efri hæð (72,6 fm) og herbergi í risi (14,2 fm) í vel staðsettu húsi ásamt bílskúr (27,4 fm). Á hæðinni eru þrjú svefnherb., baðherb, eldhús og stofa. Íbúðin er laus strax, lyklar á skrifstofu.**Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168. Sjá myndir inná eignamidlun.is V. 44,9 m.**

## SUÐURVANGUR 2
### 220 HAFNARFJÖRÐUR




Góð og vel skipulögð 98,5 fm þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í að sjá góðu fjölbýli við Suðurvang. Stofa og borðstofa er eitt opið rými, gengið er út á svalir frá stofu. Framkvæmdum á húsinu að utan er nýlega lokið. **V. 36,5 m. Opið hús þriðjudaginn 18. apríl milli 16:15 og 16:45 (íbúð 102).**

## MJÓSUND 13
### 220 HAFNARFJÖRÐUR



Einstaklega vel staðsett 109,9 fm íbúð 1. hæð og kjallara í fallegu 2-býlishúsi við Mjósund í Hafnarfirði. Á 1.hæð eru m.a. forstofa, snyrting, forstofuherbergi og opið rými þar sem eru stofa, borðstofa og eldhús. Í kjallara er opið rými, tvö herbergi og þvottahús. Eignin er vel staðsett í miðbæ Hafnafjarðar. Íbúðin er laus við kaupsamning. **V. 38,5 m.**

## FÍFUSEL 12
### 109 REYKJAVÍK



Vel skipulögð og björt 4ra herbergja 99,9 fm enda íbúð á 3. hæð (efstu) við Fífusel 12 í Reykjavík. Stofan er björt með útgangi út á rúmgóðar svalir til suðurs. Sjónvarpshol og þvottahús innan íbúðar. Íbúðin er laus strax, lyklar á skrifstofu. **Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168. Sjá myndir inná eignamidlun.is. V. 34,9 m.**

## VEFARASTRÆTI 7-11, 270 MOSFELLSBÆR




Glæsilegar nýjar 5 herbergja íbúðir við Vefarastræti 7-11 í Helgafellshverfi. Um er að ræða 3ja hæða lyftuhús. Íbúðirnar eru 125,5 fm. Stæði í bílageymslu fylgir. **Verð frá 48,5 millj. Frekari uppl. veita: Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168 eða Guðlaugur I. Guðlaugsson lg. fs. S: 864 5464.Sjá nánar inni á eignamidlun.is**

## VATNSSTÍGUR 19 – SKUGGAHVERFIÐ



Glæsileg 188,5 fm íbúð á 3. og 4. hæð, efstu hæðum, í lyftuhúsi við Vatnsstíg í Skuggahverfinu. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Samliggjandi stofur og eldhús, þrjú herbergi og tvö baðherbergi. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar, granítborðplötur og gegnheilt parket. Mikil lofthæð. Á efti hæð er turnherbergi en þaðan er gengið út á stórar þaksvalir til suðurs. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni m.a. sjávar- og fjallasýn. Einstök eign í hjarta borgarinnar.

**Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s: 861 8511, magnea@eignamidlun.is**

## VATNSSTÍGUR 20-22, 101 REYKJAVÍK






Ný og glæsileg 4ra herb. 173,5 fm íbúð á 9. hæð merkt 901 í lokaáfanga Skuggahverfis við Vatnsstíg. Íbúðin skiptist m.a. í setustofu, borðstofu, bókastofu, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, þvottahús, snyrtingu. Skuggahverfi er vinsælt hverfi á einum besta útsýnisstað borgarinnar. Stæði í bílageymslu fylgir<. **V. 162,5 m. Nánari uppl. veita Guðlaugur I. Guðlaugsson lg.fs. s. 864 5464 og Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s: 861 8511, magnea@eignamidlun.is**

## SALAVEGUR 2, 201 KÓPAVOGUR






Salavegur 2 eign 0001 er 815 fm leikjasalur í nýlegu mjög vel staðsettu verslunar og atvinnuhúsnæði í Salahverfi. Í húsinu má finna apótek, verslun,heilsugæslu og fl. Eingöngu er verið að selja húsnæðið með leigusamningi við rekstraraðila LASER TAG. Talsvert af bílastæðum. Lyfta er í húsinu. **Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is V. 84,9 m.**




Laugavegur 17 og 19

# Glæsilegar lúxusíbúðir



Íbúðirnar seljast fullbúnar og eru tilbúnar til afhendingar við kaupsamning. Um er að ræða samtals 10 íbúðir en 5 íbúðir eru í hvoru húsi. Hverri íbúð fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu.

Stærð íbúða er frá 66,8 fm til 110,8 fm.
Verð frá 57,8 millj.



Hver íbúð er í raun einstök. Íbúðirnar eru hannaðar af Minimum ehf., Guðbjörgu Magnúsdóttur, innanhúsarkitekt.

**Staðsetningin er einstök og í tengslum við nýtt og fallegt torg. Flestir bestu veitingastaðir bæjarins í göngufæri og tengjast húsin nýjasta og einu glæsilegasta hóteli landsins ásamt verslunum og veitingastöðum.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



**Magnea S. Sverrisdóttir**
*MBA og löggiltur fasteignasali*
magnea@eignamidlun.is
861 8511



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
*Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasali*
hilmar@eignamidlun.is
824 9098




Glæsilegar íbúðir í Urriðaholti, Garðabæ

# Holtsvegur 37-39

**Ný fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað í Urriðaholti í Garðabæ. Um er að ræða vandaðar íbúðir í lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara. Í skjólsælum suðurhlíðum nýtur íbúðabyggðin útsýnis yfir Urriðavatn.**



- Einungis 3 íbúðir eftir
- Stærð íbúða frá 91 til 132 fm
- 3ja til 4ra herbergja íbúðir
- Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum
- Vandaðar innréttingar frá Axis
- Glæsilegt útsýni frá flestum íbúðum
- Verð frá 64,9 millj.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



**Andri Guðlaugsson**
*Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
andri@eignamidlun.is
662 2705



**Brynjar Þór Sumarliðason**
*Viðskiptafræðingur og nemi til löggildingar fasteignasala*
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali









**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Nýhöfn 7 – Sjálandi Garðabæ. Nýjar íbúðir.



Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða nýbyggingu við Nýhöfn nr. 7 í Garðabæ. Þrjár íbúðir eru eftir og eru þær 105,8 fm, 149,7 fm. og 150,0 fm. á 1. – 3. hæð . Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar. Flísar koma frá Birgisson ehf.

**Áætlað er að íbúðirnar verði afhentar í júní 2017.**

**Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson og Gunnar Páll Kristinsson,Rýma arkitektar.**

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.**

### Fellsmúli 4. 3ja herbergja íbúð.




**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**

93,5 fm. íbúð á 3. hæð að meðtaldri sér geymslu við Fellsmúla í austurborg Reykjavíkur. Íbúðin er því nokkuð endurnýjuð. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, gólfefni að hluta og flesta skápa. Útgengi er á svalir til suðurs úr stofu. Húsið að utan er í mjög góðu ástandi.

**Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu.**

**Verð 40,9 millj.**

### Hjallasel – endaraðhús.



238,0 fm. endaraðhús sem er tvær hæðir og ris ásamt innbyggðum 26,0 fm. bílskúr.

Búið er að breyta húsinu í dag þannig að það eru 9 herbergi sem eru öll í útleigu með góðum leigutekjum og í bílskúr er nýbúið að standsetja fallega studíó íbúð sem er einnig í útleigu. Stórar suðursvalir út af efri hæð.

Lóðin er gróin og falleg með miklum trjágróðri og hellulagðar stéttar fyrir framan hús.

**Verð 67,5 millj.**

### Hvassaleiti- endaraðhús



Gott 258,1 fm. endaraðhús, kjallari og tvær hæðir ásamt innbyggðum 20,0 fm. bílskúr miðsvæðis í Reykjavík.

Búið er að endurnýja m.a. eldhús, bæði baðherbergi, rafmagn og alla ofna. Stofa með útgengi á yfirbyggðar flísalagðar svalir til vesturs. Borðstofa. Sex herbergi.

**Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla.**

**Verð 76,9 millj.**

### Grettisgata.



115,2 fermetra einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris á þessum eftirsótta stað í miðborginni.

Húsið er byggt árið 1902 og stendur á 131,5 fermetra eignarlóð. Fallegir loftlistar, innihurðir, gluggasetningar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Húsið hefur fengið ágætis viðhald undanfarin ár. Lóðin er hellulögð og afgirt með fallegu grindverki. Stæði fyrir tvær til þrjár bifreiðar á lóð.

**Afar falleg eign á frábærum stað á horni Grettisgötu og Vitastígs.**

**Verð 56,9 millj.**

### Heiðargerði.



Þó nokkuð endurnýjað 179,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris ásamt bílskúr (hús 143,9 fm og bílskúr 35,6 fm eða samtals 179,5 fm) á frábærum stað í Austurbæ Reykjavíkur.

Að innan er búið að endurnýja m.a. eldhús, hluta af gólfefnum og minna baðherbergið. Garðskáli út af stofu. Fimm herbergi. Búið er að skipta um jarðveg í allri lóðinni og er hún mjög falleg með miklum trjágróðri og hellulögðum stéttum.

Frábær staðsetning í lokuðum botnlanga þar sem skólar og leikskólar eru í göngufæri.

**Verð 76,9 millj.**

### Hátún. 4ra herbergja endaíbúð.



Vel skipulögð 129,2 fm. með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu við Hátún auk sér bílastæðis í opnu bílskýli á lóð hússins.

Sér geymsla í kjallara er 6,1 fermetri að stærð. Öll svefnherbergin eru mjög rúmgóð og öll með fataskápum. Rúmgott sjónvarpshol og stór stofa með fallegu útsýni að Esjunni og Akrafjalli.

Stórar flísalagðar svalir til vesturs útaf stofu.

**Verð 53,9 millj.**

### Rauðalækur. 3ja herbergja íbúð – sérinngangur.



Björt og afar falleg 79,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðri verönd til suðvesturs í fjórbýli við Rauðalæk.

Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförnum árum m.a. var eldhús endurnýjað að öllu leyti árið 2016 og baðherbergi var endurnýjað fyrir um 6 árum síðan. Auk þess hefur verið skipt um gólfefni, hurðir innan íbúðar og hluta af ofnakerfi og gluggum.

Húsið er nýlega múrviðgert og málað ásamt því að skipt var um þak og rennur.

**Verð 41,9 millj.**

### Heilsárshús í Skorradal. Hornlóð við Skorradalsvatn.



Fallegt heilsárshús við Vatnsendahlíð í Skorradalshreppi. Eignin stendur á 2.975,0 fm. leigulóð á jarðarmörkum Vatnsenda og skógræktarinnar í Hvammi. Hornlóð á besta stað við vatnið (vatnalóð).

Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn.

Eignin er byggt árð 2000, 75,6 fm. að stærð auk 10 fm. gestahúss. Húsið snýr í SV og nýtur vel sólar. Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn.

**Verð 34,9 millj.**

### Lyngháls. Iðnaðarhúsnæði.



188,2 fm. atvinnu/iðnaðarhúsnæði með tveimur innkeyrsluhurðum við Lyngháls 3.

Húsnæðið skiptist í tvo stóra sali með rúmlega 3ja metra lofthæð með lökkuðu gólfi, salerni og herbergi sem nýst gæti sem skrifstofa og /eða kaffistofa. Tvær innkeyrsluhurðir 3ja metra háar eru í húsnæðinu. Mjög gott útipláss með malbikuðu plani. Hús nýlega málað að utan og er í góðu ástandi.

**Húsnæði sem hentar mjög vel undir hvers konar verkstæðisrekstur.**

**Verð 39,9 millj.**






# Notar allar Nutrilenk vörurnar

## Nutrilenk Gold, Active og Gel eiga það sameiginlegt að hjálpa til við að draga úr verkjum í liðum. Gold hjálpar gegn brjóskvefsrýrnun, Active smyr stirða liði og Gelið er kælandi og bólgueyðandi.

Nutrilenk Gold og Active eru liðbætiefni sem þarf vart að kynna en þúsundir Íslendinga hafa notað þau gegn eymslum og stirðleika í liðum með góðum árangri daglega og hafa gert í mörg ár. Nutrilenk hefur verið eitt mest selda liðbætiefnið hér á landi lengi og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem dásama virknina og eru tilbúnir að deila því með öðrum. Fyrir skömmu síðan kom á markað Nutrilenk Gel sem gerði þetta að fullkominni þrennu. Gelið er bæði fyrir liði og vöðva og er einnig hægt að nota það eitt og sér. Hannyrðakonur bera því t.d. vel söguna en það getur dregið úr verkjum og aukið liðleika í fingrunum.

> Gelið er kælandi og bólgueyðandi.




### Notar allar Nutrilenk vörurnar

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir er ein af þeim sem þekkir vel til Nutrilenk varanna. Hún er 64 ára sérkennari, sem situr mikið í starfi sínu og vinnur mikið á tölvu. Hún hefur stundað hestamennsku af lífi og sál í 30 ár.

„Ég hef tekið Nutrilenk Gold í um það bil 15 ár. En það var eftir að ég lenti í slysi og upphandleggs- og ökklabrotnaði. Sjúkraþjálfarinn minn ráðlagði mér að taka Nutrilenk Gold því hann taldi að ökklinn myndi endast betur þannig. Þessi ár hef ég lengst af tekið 2 töflur á dag en jók dagskammtinn í 4 töflur fyrir ári síðan. Ég veit ekki hvernig þróunin hefði verið ef ég hefði ekki tekið Nutrilenk Gold en ökklinn hefur staðið sig vel og ég hef ekki fundið til í stóru liðunum“.



"Eftir um það bil mánuð hurfu verkirnir, ég finn ekki til í höndunum og stirðleikinn er mun minni," segir Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir sem er mjög ánægð með Nutrilenk.

### Finn ekki til í höndum og stirðleikinn er minni

Fyrir 12 árum greindist Bergljót síðan með Sjögrens sjúkdóminn sem er sjálfsofnæmis- og gigtarsjúkdómur.

„Áður en greiningin kom var ég farin að finna töluvert til í höndunum, sérstaklega á veturna þegar tölvuvinnan jókst. Það voru bólgur í liðum á fingrum sem mér gekk illa að vinna á. Fyrir um það bil þremur árum fór ég svo að finna fyrir verkjum í hryggnum og þá sérstaklega í hryggsúlunni (slitgigt). Samfara því fann ég fyrir stirðleika í líkamanum. Þetta olli mér mikilli vanlíðan og var ég sífellt þreytt og leið mjög illa. Þá ákvað ég að prófa Nutrilenk Active, 2 töflur á dag. Eftir um það bil mánuð hurfu verkirnir, ég finn ekki til í höndunum og stirðleikinn er mun minni. Fyrir ári prófaði ég að sleppa 2 mánuðum úr og hætti tímabundið að taka Nutrilenk Active. Við það komu verkirnir aftur og ég hélt þá áfram að taka Nutrilenk Active“.

### Kælandi og bólgueyðandi Nutrilenk Gel

Í september keypti Bergljót svo Nutrilenk kaupaukatilboð þar sem ókeypis túpa af Nutrilenk Geli fylgri með:

„Mér finnst það virka mjög vel á mig því það er kælandi og bólgueyðandi. Til þessa hef ég prófað ýmis bólgueyðandi hita- og kæligel sem og olíur en af þeim finnst mér Nutrilenk gelið virka best á mig. Það er fljótt að virka og dregur úr verkjum.“


LÍFRÆNT OFURFÆÐI

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum








„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig bæði við hand- og fótkuldann.“

*Kristbjörg Jónsdóttir, zumbakennari og hlaupari*

natures aid





„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum. Auk þess hef ég minnkað lyfin við sykursýki II um helming eftir að ég byrjaði að taka þau inn.“

*Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri*

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

# Smáauglýsingar


512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is


## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700




## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar




### Húsaviðhald







### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

▪ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

▪ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

▪ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

▪ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

▪ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

▪ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

▪ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

▪ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is







Húsnæði óskast

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Sigurjón Friðriksson**
fyrrverandi bóndi í Ytri-Hlíð,
Vopnafirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sundabúð Vopnafirði föstudaginn 7. apríl sl.
Útför fer fram frá Vopnafjarðarkirkju miðvikudaginn 19. apríl kl. 14.00. Jarðsett verður í Hofskirkjugarði.

**Friðrik Sigurjónsson**
**Emil Sigurjónsson** **Aðalheiður S. Steingrímsdóttir**
**Hörður Sigurjónsson** **Petra Jörgensdóttir**
**Þórný Sigurjónsdóttir**
**Erla Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Björg F. Hansen**
Skúlagötu 20,

lést á Droplaugarstöðum 6. apríl.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. apríl kl. 13.00.

**Ólafur Haukur Árnason**
**Jósefína Ólafsdóttir** **Hilmar Finnsson**
**Árni Ólafsson** **Þorgerður Sigurðardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



Hinsti vilji
Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




Gía er listamaður listahátíðarinnar List án landamæra 2017.

# Gía sýnir nýleg verk sín

**Listakonan Gía, Gígja Guðfinna Thoroddsen, er listamaður hátíðarinnar List án landamæra í ár. Hún opnaði einkasýningu í Grafiksalnum við Tryggvagötu á páskadag.**

Gígja Guðfinna Thoroddsen sem gengur undir listamannsnafninu Gía hefur opnað einkasýningu á nýlegum málverkum sínum og teikningum í Grafiksalnum, Tryggvagötu 17. Hún er hluti af hátíðinni List án landamæra en Gía er listamaður hátíðarinnar í ár.

Gía notast við óhefðbundna liti í málverkum sínum eins og gull, silfur og kopar.

Mörg verkanna byggja á reynslu hennar af því að vera kona og notandi geðheilbrigðiskerfisins. Myndefnið er fjölbreytt, þar er fólk úr samtímanum og mannkynssögunni. Þegar Dagur B. Eggertsson tók við sem borgarstjóri málaði Gía af honum andlitsmynd sem nú hangir á skrifstofu borgarstjóra.

Gía hefur áður haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Verk hennar eru víða, til dæmis á Safnasafninu, Landspítalanum, hjá Krabbameinsfélaginu og Friðarsetrinu Höfða.

Sýningin stendur til 30. apríl.

gun@frettabladid.is



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Erling Snævar Tómasson**
fv. skólastjóri,
Kúrlandi 17, Reykjavík,

lést á heimili sínu 11. apríl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Lára Erlingsdóttir**
**Ólöf Erlingsdóttir** **Þorsteinn Jóhannesson**
**Björn Erlingsson** **Bergþóra Valsdóttir**
**Magnús Ingi Erlingsson**
**Már Erlingsson** **Halla Gunnarsdóttir**
**Heiða Erlingsdóttir** **Rúnar Sigtryggsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hjördís Þorkelsdóttir**
áður til heimilis í Álmholti 9,
Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum Mosfellsbæ, laugardaginn 8. apríl.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 21. apríl klukkan 13.

**Hólmfríður Erla Benediktsdóttir** **Ingvar Björnsson**
**Ingvar Benediktsson** **Anna Bjarney Eyjólfsd.**
**Ingibjörg Benediktsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar elskulegi eiginmaður, sonur,
faðir, tengdafaðir, afi og vinur,

**Hreiðar Örn Gestsson**
húsasmíðameistari og
viðskiptafræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans að morgni 6. apríl. Jarðarförin fer fram í Bústaðakirkju miðvikudaginn 19. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast Hreiðars er bent á styrktarsjóð vinar hans, Viktors Óla Grétarssonar, sem greindist með hvítblæði í janúar sl., kt. 130510-2640, banki: 0370-13-300550.

**Elísabet S. Ólafsdóttir**
**Jónína Sigurðardóttir**
**Heiðrún Hreiðarsdóttir** **Heimir Óskarsson**
**Davíð Örn Hreiðarsson** **Lena Mjöll Markusdóttir**
**Ingvar Örn Hreiðarsson**
**Helena Melberg Guðmundsdóttir**
**Stefán Óli Jónsson** **Sigrún Eir Axelsdóttir**
**Eva Hrönn Jónsdóttir** **Gretar Örn Bragason**
**Emilía Íris Gretarsdóttir**
**Viktor Óli Gretarsson**
**Elísabet Eva Gretarsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma,
langalangamma og systir,

**Svava Jónsdóttir**
frá Nesjavöllum, Grafningi,
síðast til heimilis á Nesvöllum
Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 9. apríl.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. apríl kl. 13:00.

**Elísabet Ragnarsdóttir** **Guðjón Jóhannsson**
**Guðm. Ragnar Ragnarsson** **Hildur Gunnarsdóttir**
**Gréta Sævarsdóttir**
**Guðbjörg Jóna Sævarsdóttir** **Ægir Sigfússon**
**Sigurður Sævarsson** **Sigríður Jónasdóttir**
**Sævar Sævarsson** **Agnes Agnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn,**
**barnabarnabarnabarn og systkini.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar



REYNSLA ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Við erum Fasteignaland
með yfir 50 ára reynslu í fasteingasölu.



Halldór Ingi Andrésson
Lögg. fasteignasali
s: 897 4210



Heimir H. Eðvarðsson
Framkvæmdastjóri
s: 893 1485



Jón Þór Helgason
Viðskiptafræðingur
s: 860 4721



Þórólfur Óskarsson
Lögg. fasteignasali
Byggingafræðingur
s: 661 2707



Steinar S. Jónsson
Sölustjóri
lögg. leigumiðlari
s: 898 5254

Fasteignaland

Faxafen 10 | 108 Rvk | s. 599 6700
fasteignaland.is | fasteignaland@fasteignaland.is


# Til sölu Blómsturvellir 26-32 Neskaupstað

**Fjarðabyggð auglýsir til sölu fasteignina Blómsturvelli 26-32 í Neskaupstað**

Blómsturvellir 26-32 er 471 fermetri að stærð og byggð árið 1960. Eignin stendur á 2.910 fermetra leigulóð. Eignin var byggð og nýtt sem leikskóli. Um er að ræða steypta byggingu á einni hæð, skipt upp í fimm einingar, þar sem hver eining stendur framar en sú næsta að innanverðu. Eignin verður seld í því ástandi sem hún er, en nánari upplýsingar um ástand hússins liggja ekki fyrir og eru bjóðendur hvattir til að kynna sér ástand hennar vel.

Eignin er laus til afhendingar við sölu.

**Sölu eignarinnar annast eftirfarandi fasteignasölur og veita þær nánari upplýsingar um eignina:**

- Inni fasteignasala, vefsíða www.inni.is, sími 580-7905.
- Lindin fasteignasala, vefsíða www.lindinfasteignir.is, sími 893-1319.
- Réttvísi fasteignasala, vefsíða www.rettvisi.is, sími 476-1616.






**Tilboðum skal skila til Fjarðabyggðar í gegnum ofangreindar fasteignasölur fyrir kl. 14:00 þann 12. maí 2017.** Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Fjarðabyggðar að Hafnarbraut 2 á Reyðarfirði í viðurvist bjóðenda er þess óska. Eigandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Fremur hæg suðvestanátt og lítilsháttar rigning eða slydda, en léttskýjað N- og A-lands. Suðlægari og samfelld rigning vestan til um kvöldið.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | 1° |
| ↗12 | ↗15 | ↗15 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 4° | -3° |
| ↗6 | ↗9 | ↗14 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 1° |
| →14 | →7 | ↗10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 3° | -3° |
| →11 | →10 | ↗12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ládeyða
6. frá
8. andmæli
9. vætla
11. tveir eins
12. sjávarspendýr
14. bátur
16. ólæti
17. drulla
18. almætti
20. núna
21. nabbi

**LÓÐRÉTT**
1. korn
3. öfug röð
4. gáta
5. lúsaegg
7. viðriðinn
10. mjaka
13. impra
15. krukka
16. siða
19. tveir eins




**LÁRÉTT:** 2. logn, 6. af, 8. nei, 9. ila, 11. tt, 12. sækýr, 14. kajak, 16. at, 17. aur, 18. guð, 20. nú, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. mals, 3. on, 4. getraun, 5. nit, 7. flæktur, 10. aka, 13. ýja, 15. krús, 16. aga, 19. ðð.

## Skák Gunnar Björnsson

Grodner átti leik gegn Tavernier í Charleville árið 1952.

**Svartur á leik**

**1...h4+! 2. Kg4 f5+! 3. Hxf5 Hg2# 0-1.** Í dag teflir helsta stjarna Reykjavíkurskákmótsins klukkufjöltefli kl. 13:00 í höfuðstöðvum GAMMA. Meðal andstæðinga hans er fjármálaráðherrann, Benedikt Jóhannesson.

**www.skak.is:** Reykjavíkurskákmótið hefst á morgun.












## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# *Leitar þú að góðu fólki?*

***Við útvegum hæfa starfskrafta til skemmri eða lengri tíma í flestar greinar atvinnulífsins.***

***Viðskiptavinir okkar geta sparað tíma, fjármuni og fyrirhöfn með því að nýta starfsmannaþjónustu Góðs Fólks. Við veitum alhliða starfsmannaþjónustu, þar með talið umsýsla vegna flutninga starfsmanna, tryggingamál, úthlutun kennitölu ásamt því að við veitum starfsfólki aðgang að húsnæði og farartæki sé þess óskað. Við erum rótgróið fyrirtæki þekkt fyrir skjót vinnubrögð og afburðarþjónustu í áratug.***

**GOTT FÓLK**

**STARFSMANNAVEITA**



***www.gottfolk.is*** ***419 9000***



Chevrolet Volt hefur selst ágætlega það sem af er ári í Bandaríkjunum.

# Sala rafmagnsbíla tekur stökk í Bandaríkjunum

Sala rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla hefur aukist mjög á þessu ári í Bandaríkjunum og seldust alls 41.000 slíkir bílar í mars.

Aukningin á milli ára nam 20% í tilfelli rafmagnsbíla og 58% í tengiltvinnbílum. Þessi aukning er að mestu fólgin í góðri sölu á heimaframleiddum bílum, en að auki gekk reyndar ágætlega í sölu einstakra bílgerða frá erlendum framleiðendum. Hjá Ford jókst salan um 61% og hreinræktaðir rafmagnsbílar frá Ford fjórfölduðust í sölu.

Hjá General Motors gekk enn betur og varð 67% aukning og átti ágæt sala Chevrolet Bolt og Volt þar mestan þátt. Hjá Honda og BMW gekk ágætlega að selja rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla og fimmfaldaðist til dæmis salan hjá Honda.

Sala BMW i3 rafmagnsbílsins tvöfaldaðist og tengiltvinnbílasala BMW jókst um 79%. Sala Nissan Leaf jókst um 19% og sala rafmagnsbíla Volkswagen tvöfaldaðist, en sala eingöngu e-Golf fjórfaldaðist.

**Lágt hlutfall engu að síður**

Verr gekk hjá Toyota en sala Hybrid bíla þeirra minnkaði um 8,4%, en sala Prius Plug-In-Hybrid margfaldaðist þó. Sala Hybrid bíla Lexus minnkaði um 24%.

Sala bíla með rafmagnsdrifrás að hluta eða öllu leiti hefur vaxið um 23% í Bandaríkjunum á árinu og nam 109.292 bílum við enda marsmánaðar. Þessi fjöldi bíla telst þó ekki mikill í samanburði við heildarsölu bíla í Bandaríkjunum, en salan í fyrra nam 17,5 milljónum bíla alls.

Ef salan á svona bílum heldur áfram að vaxa og næði hálfri milljón bíla á árinu væru þeir engu að síður innan við 3% allra seldra nýrra bíla. Samsvarandi tala í Noregi er um 50%.



Svona gæti Tesla Model Y litið út.

# Tesla Model Y innan fárra ára

Spekingar hafa áætlað að það þýði um 3 ár. Tesla hefur sparað sér talsvert í þróunarkostnaði og líklega verða margir íhlutir bílsins eins og í Model 3 bílnum.

Tesla hugar nú að næstu bílgerðum sínum og það var næsta einsýnt að lögð yrði áhersla á jeppling, en eftirspurn eftir jepplingum er gríðarleg í heiminum sem stendur og mun væntanlega enn vaxa. Tesla hefur nú þegar greint frá hugmyndum sínum af bíl í þeim flokki og mun hann fá nafnið Tesla Model Y. Hann verður að miklu leiti byggður á næsta framleiðslubíl Tesla, þ.e. Model 3 og verða ámóta af stærð, en hærri frá vegi. Með þessari útfærslu getur Tesla sparað sér talsvert í þróunarkostnaði og líklega verða margir íhlutir bílsins eins og í Model 3 bílnum. Tesla hefur orðað það sem svo að bíllinn komi fram innan fárra ára og spekingar hafa áætlað að það þýði um 3 ár.

**Þarf þó fyrst að framleiða 400.000 Model 3 bíla**

Það mun þó taka Tesla nokkur ár að framleiða uppí pantanir á Model 3 gerðinni, en alls hafa borist um 400.000 pantanir í þann bíl. Forstjóri Tesla, Elon Musk gerir ráð fyrir því að Model Y gæti selst í magninu 500.000 til 1.000.000 bílar á ári og því verði mikil áhersla lögð á smíði hans þó einhver bið verði á útkomu bílsins.

Hætt er við því að Tesla þurfi að byggja fleiri samsetningarverksmiðjur til að anna slíkri eftirspurn, en kraftaverkin eru aldrei langt undan þegar Elon Musk er annarsvegar. Elon Musk hefur sagt að Tesla stefni á framleiðslugetu uppá 500.000 bíla á ári strax á næsta ári og ef það reynist gerlegt er aldrei að vita nema Model Y líti dagsins ljós innan 3ja ára. Eitt er þó víst að framtíðin virðist í rafmagnsbílum og virðast allir bílaframleiðendur leggja mesta áherslu á framleiðslu þeirra.

**TESLA HEFUR NÚ ÞEGAR GREINT FRÁ HUGMYNDUM SÍNUM AF BÍL Í ÞEIM FLOKKI OG MUN HANN FÁ NAFNIÐ TESLA MODEL Y. HANN VERÐUR AÐ MIKLU LEITI BYGGÐUR Á NÆSTA FRAMLEIÐSLUBÍL TESLA, Þ.E. MODEL 3 OG VERÐUR ÁMÓTA AÐ STÆRÐ, EN HÆRRI FRÁ VEGI.**



Leigubílar frá Uber heyra brátt sögunni til í Róm og um alla Ítalíu.

# Uber bannað að starfa á Ítalíu

Starfsemi leigubílaþjónustunnar Uber hefur verið með öllu bönnuð á Ítalíu. Að þessari niðurstöðu komust ítölsk dómsvöld á grundvelli þess að Uber sé ósanngjörn samkeppni við hefðbundna leigubílaþjónustu. Í dómsuppkvaðningunni sagði ennfremur að Uber sé samgöngufyrirtæki sem virðir ekki lög um samgöngur á Ítalíu og samgönguyfirvöld fái til að mynda ekki að ákveða fargjöld. Þess vegna gætu hefðbundin leigubílafyrirtæki ekki keppt við Uber í verði. Uber má ennfremur ekki auglýsa þjónustu sína héðan í frá. Dómari í málinu gaf Uber 10 daga frest til að hlíta þessum dómi og ef þeim tímamörkum verður ekki hlýtt varðar það 10.000 evru dagsektum. Núverandi leigubílalög á Ítalíu eru frá 1992 og vill Uber fyrirtækið meina að þau lög séu úrelt og þjóni ekki almenningi á Ítalíu. Þveröfugt hafi þau skaðleg áhrif og geri það að verkum að almenningur greiði of hátt verð fyrir leigubílaþjónustu.

# Er Dodge Challenger SRT Demon 1.023 hestöfl?

Dodge hefur nú í nokkurn tíma boðið Dodge Challenger Hellcat bíl sinn með öflugri 707 hestafla vél, en vinnur nú að smíði enn öflugri gerðar bílsins sem fær nafnið Dodge Challenger SRT Demon. Heyrst hefur að þar fari mun öflugri bíll með 1.023 hestöfl undir húddinu. Þarna væri Dodge að slá sjálfum sér við því Dodge Challenger Hellcat er nú þegar öflugasti fjöldaframleiddi bíllinn í Bandaríkjunum. Challenger Demon á víst að hafa þrjár aflstillingar, eða "Power Modes", eins og hermt er innanbúðar hjá Dodge. Power Mode 1 skilar 757 hestöflum, Power Mode 2 815 hestöflum og Power Mode 3 1.023 hestöflum, en ekki er ráðlegt að setja bílinn í Power Mode 3 nema undir ákveðnum kringumstæðum. Það krefst 100 octana bensíns, viðbótar 3.000 dollara Performance Control Module og svokallaðs Drag Mode að auki, en sá búnaður breytir afköstum vélarinnar og hækkar mögulegan snúningshraða.



Það ætti að vera hægt að spóla myndarlega með 1.023 hestöfl til taks.

# Hemlaklossar fyrir sendibíla frá Valeo

NÝTT






**Það er fimmfalt meira álag á hemlum í sendibílum í innanbæjarakstri.**

- Þeir eru meira eknir en venjulegir bílar
- Þeir eru hlaðnir af vörum.
- Margir ökumenn skiptast á að aka sama bílnum til að hámarka nýtingu bílsins.
- Mikil notkun á hemlum við "Stop and Go" í borgum.

Valeo framleiðir LCV hemlaklossa fyrir litla og meðalstóra sendibíla sem eru undir miklu álagi í innanbæjarakstri.

Pro og Intensive pro
Pro fyrir alla sendibíla í atvinnurekstri
Pro Intesive fyrir alla sendibíla undir miklu álagi.

**Þú finnur allar upplýsingar um Valeo LCV hemlaklossa á www.varahlutir.is**






Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| FAST AND FURIOUS 8 VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| A MONSTER CALLS | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 | 12 |
| CHIPS | KL. 10:20 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:10 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 5 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 | 12 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:40 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 | 9 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 9 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 - 10:10 | 6 |
| POWER RANGERS | KL. 5:20 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 | 9 |




Góða skemmtun í bíó




Introbeats, einn reyndasti taktsmiður og plötusnúður landsins, verður á Prikinu í kvöld kl. 21.00.









# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** KEXJazz: Sunna Gunnlaugs Tríó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Þau Sunna Gunnlaugs, Þorgrímur Jónsson bassaleikari og Scott McLemore trommuleikari spila jazz fyrir gesti Kexins í kvöld.

**Hvað?** Freyjujazz – Eva Kruse
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafn Íslands
Eva Kruse leikur ásamt Sunnu Gunnlaugs frumsamið efni. Freyjujazz er tónleikaröð með vikulegum hádegistónleikum þar sem konur (íslenskar sem erlendar) í samvinnu við aðrar konur og/eða karla flytja vandaða jazztónlist af hvers konar tagi.

**Hvað?** DJ Introbeats
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Introbeats er einn reyndasti taktsmiður og plötusnúður landsins og því er alls ekki slæmt að kíkja á Prikið í einn skítkaldan og hlusta á það sem kallinn dregur upp úr hattinum.

### Viðburðir

**Hvað?** Expó skálinn
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hörpu
Expó skálinn er alltaf í blússandi gangi í Hörpunni og er miðaverð 1.500 krónur.

### Leiksýningar

**Hvað?** Hliðarspor
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti
Í „Hliðarsporum“ nýrri óperu eftir Þórunni Guðmundsdóttur hittum við aftur persónur sem margir þekkja úr „Brúðkaupi Figarós“. Söguþráðurinn er byggður á síðasta leikritinu í þríleik Beaumarchais, sem skrifaði fyrst „Rakarann frá Sevilla“, síðan „Brúðkaup Figarós“ og loks leikrit sem hann nefndi „Hin seka móðir“. Í óperunni eru tuttugu ár liðin frá brúðkaupi þeirra Figarós og Súsönnu og ýmislegt hefur á dagana drifið í millitíðinni. Bæði greifinn og greifynjan hafa misstigið sig og þurfa bæði þau og ávextir þessara hliðarspora að taka afleiðingunum af því. Skúrkurinn Krapp ætlar að notfæra sér aðstæðurnar, en Figaró og Súsanna reyna að leiða allt til lykta á farsælan hátt. Flytjendur eru nemendur í Tónlistarskólanum í Reykjavík, 20 söngvarar og 9 manna hljómsveit.

**Hvað?** Fyrirlestur um eitthvað fallegt
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Baldur stígur á svið og er að hefja fyrirlestur um nýjasta listaverk sitt. Hann finnur að eitthvað er ekki eins og það á að vera... hann frýs. Hann er að fá sitt fyrsta kvíðakast. Hann kíkir inn í heilann sinn og sér þá hvar stjórnstöðin er að bila. Hér er sem sagt um að ræða leikrit um kvíða.

### Sýningar

**Hvað?** Fjársjóður þjóðar – valin verk úr safneign
**Hvenær?** 11.00





BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Welcome to Norway | 18:00, 20:00 |
| I, Daniel Blake | 18:00 |
| Safari | 18:00 |
| Elle | 20:00 |
| Moonlight | 20:00 |
| Glory | 22:00 |
| The Other Side Of Hope | 22:30 |
| Manchester By the Sea | 22:30 |



**Hvar?** Listasafni Íslands
Í förum Listasafns Íslands eru á tólfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni Fjársjóður þjóðar er dágott úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri nítjándu öld til okkar daga. Sýningin dregur fram, með aðstoð um átta-tíu listaverka, fjölbreytni þeirra miðla og stílbrigða sem einkenna þessa stuttu en viðburðaríku sögu. Fyrstu áratugina byggðist safneign Listasafns Íslands einvörðungu upp á gjöfum, málverkum eftir höfðinglega erlenda listamenn, einkum danska og norræna, en upp úr þar síðustu aldamótum urðu listaverk eftir Íslendinga æ meira áberandi. Núna er aðeins um tíundi hluti listaverkaeignar safnsins erlendur þó svo að enn séu ögn fleiri erlendir en íslenskir listamenn höfundar verka í Listasafni Íslands.

**Hvað?** Steina – Eldrúnir
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Upphaflegur hvati að verkinu Eldrúnir var hin ævaforna iðn járnsmiðsins sem fljótlega breyttist í tónverk ... Með orðum Steinu: „Árið 1994 eyddi ég löngum stundum í eldsmiðju Toms Joyce og tók upp myndskeið af smíði hans á járnhliði. Mér þóttu járnhlið helst til efnismikil, svo ég beindi vélinni að gneistandi og kraumandi málminum sem logarnir, þjalirnar og steðjarnir mótuðu – snöggum blossunum ... Við Tom deilum ómældri aðdáun á eldi – sem fyrirbæri og sem miðli sem umbreytir öðrum efniviði ... sem ummyndunarmiðli.“

**Hvað?** ART OF MEMORY
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Í tilefni 80 ára afmælis Woodys Vasulka (f. 1937) efnir Vasulka-stofa til sérstakrar sýningar á vídeóverkinu Art of Memory, en 30 ár eru liðin síðan verkið var frumsýnt, 1987. Verkið er viðeigandi á þessum tímamótum þar sem áhorfandinn er með áhrifaríkum hætti leiddur inn í fortíðina, þar sem ferðast er um draumkennt og víðáttumikið landslag með skírskotunum til sögunnar. Á sýningunni má einnig sjá brot úr gagnasafni Vasulka-stofu.

**Hvað?** T E X T I
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafni Íslands
Á sýningunni T E X T I eru sýnd textaverk um fimmtíu íslenskra og alþjóðlegra myndlistarmanna. Verkin á sýningunni eru valin úr um 1000 verka safneign listsafnaranna Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur en þau hafa safnað íslenskri og erlendri samtímamyndlist frá því á 7. áratugnum.

**Hvað?** Dæmisögur – vöruhönnun á 21. öld
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Í vestursal Kjarvalsstaða eru samankomin nokkur framúrskarandi verkefni sem hvert um sig endurspeglar með skýrum hætti ólík viðfangsefni vöruhönnunar. Þannig fæst innsýn í helstu strauma og stefnur í faginu hér á landi undanfarin ár. Á sýninguna hafa verið valdir hönnuðir og fyrirtæki sem vinna hver út frá sinni áherslu.



Það er upplagt að kíkja á safn í dag til að ná sér niður eftir páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þessar áherslur eru upplifun, handverk, staðbundin framleiðsla, efnisrannsóknir, hreyfanleiki og fjöldaframleiðsla. Um leið og verkefnin endurspegla fjölbreytileika fagsins sýna þau tækifærin sem samfélaginu standa til boða með því að nýta krafta skapandi hugsunar.







Skemmtilegur heimildarþáttur í tveimur hlutum. Chris Packham og Liz Bonnin fara yfir kosti og galla hunda og katta og reyna að svara þeirri spurningu sem hefur brunnið á vörum katta- og hundaunnenda í áraraðir, hvor tegundin er betri sem heimilisdýr?

**ÞRÆLGOTT ÞRIÐJUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**

Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeittan og beinskeyttan húmor.




**CATASTROPHE**

Stórskemmtilegir þættir um Rob og Sharon sem reyna af fremsta megni að lifa hinu daglegu lífi án árekstra en það er oft hægara sagt en gert.



**GIRLS**

Frábær gamansería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York og eiga ekki alltaf auðvelt með samskipti við hitt kynið.



**OUTSIDERS**

Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um Farrell-gengið sem er eins konar utangarðsfólk og lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachia-fjöllum, langt frá mannabyggð.



**THE WOLF OF WALL STREET**

Sönn saga verðbréfasalans Jordans Belfort sem varð milljarðamæringur skömmu eftir tvítugt og lifði í hæstu hæðum í nokkur ár áður en veldi hans hrundi til grunna.



**MAYDAY: DISASTERS**

Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar hættur í háloftunum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Teen Titans Go
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** First Dates
**11.05** Suits
**11.50** Mr Selfridge
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.45** Anger Management
**16.10** Mike and Molly
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Last Week Tonight With John Oliver
**19.55** Anger Management
**20.15** Cats v Dogs. Which is Best? Skemmtilegur heimildarþáttur í tveimur hlutum. Chris Packhman og Liz Bonnin fara yfir kosti og galla hunda og katta og reyna að svara þeirri spurningu sem hefur brunnið á vörum katta- og hundaunnenda í áraraðir, hvor tegundin er betri? Chris og Liz fara í gegnum rannsóknir á þessu sviði ásamt því að taka til greina almannaálit.
**21.20** Catastrophe Þriðja þáttaröðin um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem höfu kynni sín á skemmtistað í London.
**21.50** Girls Sjötta og síðasta gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York.
**22.20** Outsiders
**23.10** Grey's Anatomy
**23.55** Wentworth
**00.45** Bones
**01.30** Jonathan Strange and Mr Norrell
**02.30** Containment
**03.10** You're The Worst
**03.35** Justified
**04.20** Married
**04.45** The Middle
**05.10** Mike & Molly

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Middlesbrough - Arsenal
**08.40** Derby - Huddersfield Town
**10.20** Fulham - Aston Villa
**12.00** Southampt. - Manch. City
**13.40** Middlesbrough - Arsenal
**15.20** MD 2017 - Samantekt
**15.55** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**16.20** Bayer Leverkusen - Bayern Munchen
**18.00** Þýsku mörkin
**18.30** KR - Grindavík
**21.05** Domino's körfuboltakvöld
**21.35** Premier League Review
**22.30** Þýsku mörkin
**23.00** KR - Grindavík
**00.40** Domino's körfuboltakvöld

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.10** Stoke City - Hull City
**09.50** Watford - Swansea City
**11.30** Tottenham Hotspur - Bournemouth
**13.10** Messan
**14.40** Dominos deild kvenna
**16.20** Barcelona - Real Sociedad
**18.00** Spænsku mörkin
**18.30** Real Madrid - Bayern Munchen
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.15** Leicester - Atletico Madrid
**23.05** Messan
**00.35** Real Madrid - Bayern Munchen

## STÖÐ 3

**17.30** The Big Bang Theory
**17.50** The New Girl
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Mayday. Disasters
**20.30** Last Man Standing
**20.55** The Americans
**21.40** Salem
**22.25** The Wire
**23.30** Curb Your Enthusiasm
**00.00** Mayday. Disasters
**00.50** Last Man Standing
**01.10** The Americans
**01.55** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.11** Zigby
**10.25** Stóri og Litli
**10.38** Brunabílarnir
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.11** Zigby
**14.25** Stóri og Litli
**14.38** Brunabílarnir
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.11** Zigby
**18.25** Stóri og Litli
**18.38** Brunabílarnir



Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** RBC Heritage
**11.00** PGA Highlights 2017
**11.55** 2017 Augusta Masters
**13.55** Golfing World 2017
**14.45** RBC Heritage
**17.45** PGA Highlights 2017
**18.40** Golfing World 2017
**19.30** RBC Heritage

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Turtle Power. The Definitive History of the Teenage Mutant
**13.30** Paper Towns
**15.20** Just Married
**16.55** Turtle Power. The Definitive History of the Teenage Mutant
**18.35** Paper Towns
**20.25** Just Married
**22.00** The Wolf of Wall Street Stórmerkileg og sönn saga verðbréfasalans Jordans Belfort sem varð milljarðamæringur skömmu eftir tvítugt og lifði í hæstu hæðum í nokkur ár áður en veldi hans hrundi til grunna. The Wolf of Wall Street eftir Martin Scorsese er gerð eftir bókinni sem Jordans Belfort sem hann skrifaði um sitt eigið ris og fall á fjármálamarkaðinum á Wall Street á tíunda áratug síðustu aldar. Jordan Belfort varð á sínum tíma frægasti verðbréfasali Bandaríkjanna og þótti með ólíkindum hversu hratt hann byggði upp fjármálastórveldi sitt sem gerði hann og helstu samstarfsmenn hans að margföldum milljónamæringum, en peningarnir fóru m.a. í að kaupa apa á skrifstofuna, eltast við allar sætustu slelpurnar og djamma fram á rauðar nætur.
**01.05** John Wick Spennutryllir frá árinu 2014 sem fjallar um John Wick, fyrrverandi leigumorðingja sem neyðist til þess að snúa til fyrri atvinnu til þess að elta uppi menn sem ógna lífi hans. Keanu Reeves fer með aðalhlutverk í þessari frábæru mynd.
**02.50** Solace
**04.30** The Wolf of Wall Street

## RÚV

**16.50** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hopp og hí Sessamí
**18.25** Gullin hans Óðins
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Opnun
**20.40** Faðir, móðir og börn
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Grafin leyndarmál
**23.10** Aðferð
**23.55** Kastljós
**00.20** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** Superstore
**14.40** Top Chef
**15.25** Difficult People
**15.50** Survivor
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Black-ish
**20.15** Katherine Mills. Mind Games
**21.05** Scorpion
**21.50** Madam Secretary
**22.35** The Tonight Show
**23.15** The Late Late Show
**23.55** Californication

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

## KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

## ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

**Kl. 8-11**

**20%**

**AFSLÁTTUR**

GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

## MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT APRÍL 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAR SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




**Frumherji**

www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA

STOFNAÐ 1997

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ















**Fyrirsætan** Hailey Baldwin setur gjarnan upp hátt tagl þegar mikið liggur við. NORDICPHOTOS/GETTY



**Jessica** Alba setti helming hársins upp í hátt tagl, eða svokallaðan gosbrunn, fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY



**Það** eru fáir sem "púlla" hátt tagl betur en söngkonan Jennifer Lopez. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýjasta hártískan kallar á hátt tagl

Himinhá tögl virðast vera aðalmálið um þessar mundir því hver tískufyrirmyndin á fætur annarri hefur skartað slíku tagli undanfarið. Og mottóið virðist vera að því hærra sem taglið er, því betra, samkvæmt hártískunni núna.



**Leikkonan** Katie Holmes á leið í spjallþáttinn Good Morning America á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY



**Fyrirsætan** Jasmine Tookes setti upp hátt tagl á meðan hún sinnti



**Hátt** tagl hentar auðvitað einkar vel í ræktina eins og Khloe Kardashian veit. NORDICPHOTOS GETTY



**Kate** Bosworth tók sig vel út með hátt tagl á DVF verðlaunahátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## TILBOÐ AF VÖLDUM STÓLUM

FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN OG Á HEIMASÍÐU



-30%

25% af örmum og hnakkapúða

**OPEN POINT**
59.900 kr.
**39.900 kr.**



Armar fylgja með

-30%

**LADY SITNES**
129.000 kr.
**89.900 kr.**



-30%

Armar fylgja með

**W-7 LIGHT**
141.000 kr.
**96.900 kr.**

## RAFMAGNSBORÐ



PRIMA
**120 X 80**
**56.000 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
**150 X 80**
**58.600 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
**180 X 90**
**67.800 kr.**
LITIR Í BOÐI: hvítt, svart og coffe.

# Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

## 30% AF HEILSUKOLLUM

*tilboðin gilda út apríl



-30%

**SITNES 5**
65.900 kr.
**45.900 kr.**

**SITNES 6**
54.900 kr.
**37.900 kr.**



-30%



-30%

**SITNES 20**
42.700 kr.
**29.900 kr.**

## SKÁPAR OG HIRZLUR



SKÚFFUSKÁPUR
(4 SKÚFFUR)
**39.600 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**61.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**57.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**51.700 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.

MYNDFORM GRAFÍK

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is

CHIRO
HEILSURÚM



VAXTALAUSAR* AFBORGANIR FRÁ
5.571 KRÓNUM
FERMINGARTILBOÐ

CHIRO UNIVERSE



Aukahlutur á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ
HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.900 KR. | 5.571 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 69.900 KR. | 6.434 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.900 KR. | 7.296 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 94.900 KR. | 8.590 KR. |

* Miðað vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM
- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

DÚNSÆNG + DÚNKODDI
Dúnsæng og dúnkoddi. 100% bómull í áklæði. Sæng: 60% moskusdúnn, 40% smáfiður og fáðu vandaðan dúnkodda með.



FERMINGARTILBOÐ
23.900 KR.
FULLT VERÐ
~~29.800 KR.~~
ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK



Ása Steinarsdóttir hefur ferðast til 52ja landa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hefur komið til 52ja landa og er hvergi nærri hætt

Ferðabloggarinn **Ása Steinarsdóttir** hefur hingað til ferðast til 52ja landa og fjallar um ferðalögin á blogginu From Ice to Spice. Ása segir hörkuvinnu að halda úti ferðabloggi en þegar upp er staðið er þetta þess virði.

Þetta byrjaði allt í kringum ferð sem við fórum í til Asíu. Þá vorum við á leiðinni í um 14 mánaða ferðalag," segir Ása Steinarsdóttir sem heldur úti blogginu From Ice to Spice ásamt kærasta sínum, Andra Wilberg.

„Áður en við fórum í lengri reisu þá hafði ég ferðast mikið, ég var búin að fara í nokkrar Evrópureisur og búa í Tyrklandi. Og ég var snemma farin að fá svo mikið af fyrirspurnum og fólk var alltaf að biðja mig um ráð, þannig að ég ákvað að opna bara blogg til að svara spurningum og leyfa fólki að fylgjast með ferðalögum okkar," segir Ása sem er með tæplega 40.000 fylgjendur á Instagram sem fylgjast spenntir með ferðalögum Ásu.

Blogg þeirra Ásu og Andra heftur verið að þróast undanfarið. „Það er svolítið að breytast, þetta er að verða mjög Íslandsmiðað. Þannig að fólk er mikið að koma inn á bloggið og samfélagsmiðlana bara til að leitast eftir upplýsingum um Ísland."

Spurð út í lesendur bloggsins segir Ása þetta vera blandaðan hóp. „Stór hluti eru Bandaríkjamenn og Asíubúar," útskýrir Ása. Hún segir sína sérstöðu vera þá að hún fjallar gjarnan um þá staði sem eiga til að gleymast þegar kemur að landkynningu til túrista. „Þau sjá kannski strax að ég set inn myndir af stöðum sem eru ekki eins þekktir. Þannig að fólk hefur gjarnan samband til að spyrja mig hvar einhverjar perlur eru og einhverjir minna heimsóttir staðir."

En hvaða staðir á Íslandi eru í uppáhaldi? „Vestfirðir og hálendið eru í uppáhaldi. Ég elska þessa staði, kannski bara af því að þar er lítil byggð, æðislegar náttúruperlur og færra fólk."

> **MAÐUR FÆR AÐ FARA FRÍTT Í FERÐIR Á SAMA HÁTT OG TÍSKUBLOGGARAR FÁ FÖT OG SLÍKT.**

### Hélt úti ferðadagbók áður en hún byrjaði að blogga

Aðspurð hvort það sé ekki hörkuvinna að halda svona ferðabloggi úti svarar Ása játandi. „Jú, þetta er alveg mikil vinna. En mér finnst þetta bara svo hrikalega skemmtilegt, að jafnvel þó ég væri ekki með bloggið þá myndi ég taka jafn mikið af myndum á ferðalögum mínum. Ég hef alltaf gert það. Og áður en ég byrjaði að blogga þá reyndi ég að skrifa einhverja svona ferðadagbók, bara svo að ég myndi muna þetta sjálf. En jú, það er klárlega alltaf nóg að gera hjá manni," segir Ása sem á erfitt með að velja uppáhalds áfangastað af þeim ótal löndum, borgum og bæjum sem hún hefur ferðast til.

„Mér dettur helst í hug Japan, Filippseyjar og Íran. Þau lönd sem heilla mig eru þau sem eru óspillt. Þar sem einhver alvöru heimamenning nýtur sín vel og Starbucks og Dunkin Donuts er ekki á hverju horni. Oftast er það náttúran sem heillar, og það sem maður er ekki vanur. Eitthvað sem maður er að upplifa í fyrsta skipti."

### Fríðindin eru ferðalögin

Ferðabloggið er hluti af atvinnu Ásu. „Já, þetta er að hluta til vinnan mín. Þetta er líka beintengt við aðalvinnuna mína en ég vinn hjá auglýsingastofu sem sérhæfir sig í markaðssetningu á samfélagsmiðlum, fyrirtækið heitir Sahara. Þá er ég t.d. að hjálpa ferðafyrirtækjum á Íslandi að vinna með bloggurum og áhrifavöldum og aðstoða þau við að finna stefnu til að markaðssetja sig. Samfélagsmiðlar eiga allan minn tíma núna."

Það hafa eflaust margir velt því fyrir sér hvernig ferðabloggarar fjármagna öll þessi ferðalög og finna tíma fyrir þau. Í tilfelli Ásu starfar hún með ferðafyrirtækjum og þannig fær hún möguleika á að ferðast eins mikið og raun ber vitni. „Það eru eiginlega fríðindi ferðabloggara. Maður fær að fara frítt í ferðir á sama hátt og tískubloggarar fá föt og slíkt," segir hún.

„Ég er til dæmis á leiðinni til Króatíu í sumar í pressuferð. Þá er manni boðið og í staðinn tek ég ljósmyndir og skrifa um ferðalagið. Síðasta sumar, þá fór ég svo til Austur-Evrópu og það var á vegum ferðamálaráðuneytisins í Ungverjalandi."

Það sem er á döfinni hjá Ásu eru svo meðal annars áframhaldandi ferðalög um Ísland. „Ég náttúrulega hætti aldrei að ferðast um landið okkar. Annars er ég að fara í frí til Marokkó og svo er það pressuferð um Vestfirði í maí. Eftir það fer ég til Króatíu á festival sem heitir Yacht Week í boði sænsks fyrirtækis. Þá kemur hópur ungs fólks frá ýmsum löndum saman og ferðast um á litlum snekkjum."

gudnyhronn@365.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



GAMMA

19.–27. APRÍL Í HÖRPU

Reykjavíkurskákmótið er eitt vinsælasta opna skákmót heims og hefur laðað til sín fjölda frábærra skákmanna í rúmlega hálfa öld. GAMMA er aðalstyrktaraðili mótsins og vill tryggja því veglega umgjörð sem höfðar til almennings.

REYKJAVÍKUR SKÁKMÓTIÐ

REYKJAVIKOPEN.COM



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



BAKÞANKAR

Sirrý Hallgrímsdóttir




## Epal-sósíalistar

Gott hjá RÚV að setja fátækt á dagskrá. Staða fátæks fólk er mikilvægur mælikvarði á þjóðfélagið, spegill sem segir okkur hversu miðar í átt að góðu samfélagi. Vönduð umfjöllun, studd rökum og rannsóknum þar sem staða fátækra er sett í sögulegt- og alþjóðlegt samhengi skiptir miklu máli. Á slíkum grundvelli getur almenningur myndað sér skoðun og stjórnmálamennirnir mótað stefnu. Þannig miðar okkur áfram.

RÚV hlaut því að vanda mjög til verksins, mikilvægt var að fá til liðs fræðimenn sem rannsakað hafa fátækt frá mismunandi hliðum, skrifað í ritrýnd tímarit greinar og sýnt með störfum sínum að þeir hefðu víðtæka þekkingu á viðfangsefninu sem styddi við upplýsta umræðu og áframhaldandi skoðanaskipti. En æ nei það er svo leiðinlegt. Fáum frekar Mikka Torfa, skítt og laggó með fræðimennskuna, hver nennir að hlusta á svoleiðis.

Og nú er Mikael Torfason, ásamt Gunnari Smára, orðinn helsti talsmaður fátæks fólks á Íslandi. Báðir þessir menn höfðu þar til nýverið verið liðtækir hlaupadrengir peningamanna og þótt harðir í horn að taka þegar samið var um kaup og kjör við alþýðumenn. Gunnar Smári hefur þó gengið lengst og lét það verða sitt síðasta verk sem kapítalisti að láta fólk vinna fyrir sig og svíkjast svo um að borga laun, einhvers konar afbrigði af þrælahaldi.

Enginn tekur þá félaga trúanlega sem málsvara fátæks fólks. Hoss þessara lukkuriddara á þeim sem minna mega sín mun vart kaupa þeim nætursvefn. En víst er að þeir hringsnúast í gröfum sínum Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason og Jón Baldvinsson, þegar þeir líta arftakanna.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


TILBOÐ Í APRÍL ÖLL BRAUÐ Á 500 KR.
- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

BJÖRNSBAKARÍ Sími: 561 1433
mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

Svefn & heilsa
Heilsurúm / Stillanleg rúm / Húsgögn / Mjúka deildin


Gerið gæða- og verðsamanburð

Höfum opnað nýja og glæsilega vefverslun
svefnogheilsa.is
Taktu því rólega og skoðaðu vöruúrvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup
Frí heimsending á mjúkvöru - Hagstæður flutningur á rúmum um land allt
Einstaklingsrúm kr 6.900.- / Stærri rúm og húsgögn kr. 9.900.-


Reverie BODYPRINT
Stillanlegt hjónarúm
Reverie 3E með Bodyprint 700 heilsudýnum 2x90x200cm
Verð aðeins kr. 469.900.-
- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

Reverie 3E með Memory heilsudýnum 2x90x200cm
Tilboðsverð aðeins kr. 279.960.-


Svefnsófar
Nýjar sendingar af svefnsófum
Mikið úrval.
Verð frá aðeins kr. 174.900.-


100% SVEFN - 100% HEILSA GÓÐ HVÍLD


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum